Hættumat: Engin hættu. Tóftin er um 25m frá útbrún vegstæðis, handan Dalalækjar og ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Syðst og austast í túninu, upp við túngarðinn innanverðan, er tóft

Lýsing

Tóftin er um 2,5x2,5m að innanmáli. Veggir eru um 1,5m á breidd og um 50cm háir. Dyr eða hlið hefur verið vestast á norðurvegg. Tóftin er byggð upp við túngarðinn sem er því suðurveggur tóftar.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 132.

Sölvabakki-22 [Sölvabakki-101] [sjá mynd 7]

Sérheiti: Fúsakot?

Hlutverk: Óþekkt, útihús, rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu. Tóftin er tæplega 40m frá útbrún vegstæðis og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Syðst í túninu, upp við túngarðinn innanverðan, er tóft (Sölvabakki-22).

Lýsing

Tóftin er byggð upp við túngarðinn innanverðan og gegnir hann hlutverki suðurveggjar. Breidd veggja er um 1,5-2m og veggir að innan um 40cm háir en 50-110cm að utan. Stór þúfa er í tóftinni miðri, við túngarðinn og gæti verið leifar veggjar og er tóftin því hugsanlega tvískipt. Dyr eru ekki greinanlegar. Sina og mosi eru bæði á túngarði og tóft sem að virðast vera svipuð í aldri.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 132.

Sölvabakki-23 [Sölvabakki-102] [sjá mynd 7]

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu. Tóftin er rétt rúmlega 50m frá útbrún vegstæðis og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Syðst í túninu, þar sem að rof er í túngarðinum, er stekkjartóft (Sölvabakki-102). Tóftin er á norðurbakka Dalalækjar.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og er réttin sunnan við lambakróna sem stendur aðeins hærra en réttin. Króin og er um 1,5x1,5m að innanmáli og veggir hennar eru um 40cm háir. Réttin er 1,5x4m að innanmáli og veggir 60-70cm háir. Veggir tóftarinnar eru 1-1,5m á breidd. Veggir eru grónir mosa og sinu en tóftin er grænni og gróskumeiri en aðrar tóftir innan túngarðs og virðist því yngri en hinar tóftirnar. Ekki er að sjá að það hafi verið innangengt á milli réttar og króar en á krónni er hlið á norðvestur horni og líklega hefur hlið verið til suðvesturs úr réttinni. Suðausturveggur nær lengra til suðvestur en aðrir veggir og gæti hafa verið til að auðvelda innrekstur. Þegar örnefnaskrá er rituð virðist tilurð fornbylisins vera gleymd, því að í skránni segir einungis að rústir sjáist þar sem að stekkurinn hefur verið (sjá aðrar upplýsingar).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (bls. 5) segir: „Meðfram læknum að norðan, alla leið frá túninu til sjávar, eru litlir grashvamar í svonefndum Dölum. Efsti hvammurinn, sem þá er mjög lítill, nefnist Litlihvammur; þá er Stekkjarhvammur, sem er allstór og sér fyrir rústum, þar sem stekkurinn hefur verið.“

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 133.

Sölvabakki-24 [Sölvabakki-103] [sjá mynd 7]

Sérheiti: Fúsakot?

Hlutverk: Óþekkt, útihús, stekkur, rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu. Tóftin er 65m frá útbrún vegstæðis og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Syðst í túninu, upp við túngarðinn að utanverðu er tóft (Sölvabakki-103).

Lýsing

Tóftin er tví- eða þrískipt, byggð upp við túngarðinn að utanverðu og er hann norðausturveggur tóftar. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur, samsíða garðinum. Nyrðra hólfið er tæplega 2x3m að innanmáli en syðra hólfið 1,5x3m og liggur það nokkuð lægra. Í syðra hólfinu er löng þúfa, hugsanlega leifar veggjar sem hefur skipt hólfinu í tvennt. Veggir eru um 1m á breidd og 30-40cm háir. Hrunið hefur úr túngarðinum inn í bæði hólfin. Sina og mosi eru í veggjum og innan í tóftinni sem virðist vera jafnaldra túngarðinum.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 133.

Sölvabakki-25 [Sölvabakki-104] [sjá mynd 7]

Sérheiti: Fúsakot?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er rúmlega 80m frá útbrún vegstæðis og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Syðst og vestast í túninu, upp við túngarðinn að utanverðu er tóft (Sölvabakki-104) og ofan á henni virðist vera yngri tóft (Sölvabakki-105).

Lýsing

Tóftin er aflöng og snýr vnv-asa, samsíða túngarðinum. Tóftin er mynduð af óljósum og slitnum veggjum og ofan á austurenda hennar er tóft sem líklega er yngri. Breidd veggja er um 1m og hæð þeirra um 30cm. Dyr hafa snúið til suðurs. Innanmál eldri hlutans er 2x2,3m.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 134.

Sölvabakki-26 [Sölvabakki-105] [sjá mynd 7]

Sérheiti: Fúsakot?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er tæplega 80m frá útbrún vegstæðis og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Syðst og vestast í túninu, upp við túngarðinn að utanverðu er tóft (Sölvabakki-104) og ofan á henni virðist vera yngri tóft (Sölvabakki-105).

Lýsing

Tóftin ofan á austurenda tóftar (Sölvabakki-104). Hún er rúmlega 1x1,7m að innanmáli. Veggir er um 40cm á hæð og 110cm breiðir. Dyr eru á tóftinni og snúa til austurs.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 134.

Sölvabakki-27 [Sölvabakki-113] [sjá mynd 7]

Sérheiti: Fúsakot?

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er 90m frá útbrún vegstæðis og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Sunnarlega í túninu, rétt vestan við miðju er tóft (Sölvabakki-13).

Lýsing

Tóftin er 2,5x3m að utanmáli og snýr na-sv og hafa til snúið til suðvesturs. Tóftin er jarðsokkin og veggir afar óljósir 5-10cm háir og 40-50cm breiðir.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 137.

Sölvabakki-28 [Sölvabakki-99] [sjá mynd 7]

Sérheiti: Fúsakot?

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Garður er 70m frá útbrún vegstæðis og er ekki talinn í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Túngarður er nær óslitið utan um hann og eldri garður (Sölvabakki-99) er sunnan hans.

Lýsing

Túngarðurinn er umfangsmikill og vel greinilegur, nær óslitið í kringum túnið. Eldri garður virðist hafa náð frá suðvesturhorni túngarðsins til suðurs að Dalalæk og lokað þannig hvamminum. Garðurinn er um 45m langur og liggur frá nv-sa í smá boga.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 131-132.

Sölvabakki-29 [Sölvabakki-108]

[sjá mynd 7]

Sérheiti: Fúsakot?

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Túngarðurinn er tæplega 25m frá útbrún vegstæðis þar sem að hann er næstur því.

Staðhættir

Tóftir fornbylis eru í Stekkjarhvammi og nær túnið upp á melinn norðan túnsins. Túngarður er nær óslitið utan um hann (Sölvabakki-29) og eldri garður (Sölvabakki-28) er sunnan hans.

Lýsing

Túngarðurinn er umfangsmikill og vel greinanlegur nær óslitið hringinn í kringum túnið en mikið rofinn til norðurs. Hann er alls um 380m langur, þýfður og algróinn til suðurs, suðausturs




Mynd 8. Horft til vesturs niður Dalina. Stekkjarhvamur er fyrir miðri mynd og þar sést í túngarðinn sem skráður er nr. 29. Dalalækur rennur vinstra megin við hvamminn.

og suðvesturs en ógreinilegur til norðurs. Fimm tóftir eru upp við garðinn á suðurhlið, tvær utan við, tvær að innan og ein tóft rýfur garðinn, þ.e. garðurinn liggur upp að tóftinni að austan og vestan. Vesturhlið garðsins liggur upp eftir gróinni klauf í melinn og virðist hann yngri á þeim kafli, líkist þar fremur manngerðum bakka en garði.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 135.



Mynd 9. Minjar í Sveinsstekkjarlaut. Allar tóftirnar í lautinni eru taldar í mikilli hættu vegna framkvæmda og ljóst er að tóftir nr. 31 og 32 munu að óbreyttu hverfa.

Sölvabakki-30 [Sölvabakki-114] [sjá mynd 9]

Sérheiti: Sveinsstekkur?

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Tóftin er rétt rúmlega 10m frá útbrún vegstæðis og er talin í mikilli hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæði.

Staðhættir

Sveinsstekkjarlaut heitir grasi gróin laut í lækjargili um 1690m norðaustur frá bæjarstæðinu á Sölvabakka. Í lautinni eru þrennar tóftir, þar af ein greinileg stekkjartóft (Sölvabakki-30), líklega Sveinsstekkur.

Lýsing

Tóftin snýr nv-sa, er þrískipt og 10x13m að utanmáli. Innangengt er á milli hólfa í réttinni og hefur hlið á henni snúð til norðvesturs. Króin sem er norðan við réttina er með hlið mót norðaustri. Veggir eru 1-2m á breidd, þeir eru algrónir grasi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Sölvabakka sem að Kristján Eiríksson tók saman (bls. 3) segir: „Sunnan við Tungur er Sveinsstekkjarlaut. Þar sést enn fyrir stekkjARBrotum“.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 138.

Sölvabakki-31 [Sölvabakki-115] [sjá mynd 9]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Tóftin er í miðju vegstæðis og verður að óbreyttu fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Sveinsstekkjarlaut heitir grasi gróin laut í lækjargili um 1690m norðaustur frá bæjarstæðinu á Sölvabakka. Í lautinni eru þrennar tóftir, þar af ein greinileg stekkjartóft (Sölvabakki-30), líklega Sveinsstekkur og 30m norðvestan við hana er önnur tóft (Sölvabakki-31).

Lýsing

Tóftin er niðurgrafin í hólrana og liggur nokkurn veginn austur-vestur. Hún er 5x9m að utanmáli en engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru óljósið nema suður og vesturveggur, hæð þeirra að innan er um 60cm og breidd mest 1.5m. Til vesturs frá tóftinni liggur um 12m langt garðlag. Hlutverk tóftar er óljóst.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 138.

Sölvabakki-32 [Sölvabakki-116] [sjá mynd 9]

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Tóftin er í miðju vegstæðis og verður að óbreyttu fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Sveinsstekkjarlaut heitir grasi gróin laut í lækjargili um 1690m norðaustur frá bæjarstæðinu á Sölvabakka. Tóft (Sölvabakki-32) er upp undir brekku, beint norður af tóft (Sölvabakki-31).

Lýsing

Tóftin er nokkuð ógreinileg, 7x7,5m að utanmáli. Hún er algróin grasi og virðist tvískipt. Veggir eru um metri á breidd og 20cm á hæð.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 139.



Mynd 10. Á melunum austan og sunnan við Ullartjörn eru steinlagnir og grjóthrúgur með óþekktu hlutverki. Þær eru allar í mikilli hættu vegna framkvæmda nema minjar nr. 40 og 41.

Sölvabakki-33 [Sölvabakki-77] [sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hættu.

Hleðslan lendir í útbrún vegstæðis og verður að óbreyttu fyrir raski.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svagrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem eru líklega manngerðar. Hleðsla (Sölvabakki-33) eru á nyrðri brún melsins.

Lýsing

Hleðslan er aflöng og liggur í kringum aflanga fuglaþúfu. Hún er 1,5x2m að utanmáli.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 117.



Mynd 11. Steinalögn nr. 33, umhverfis fuglaþúfu skráð sumarið 2009.

Sölvabakki-34 [Sölvabakki-78] [sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta. Hleðslan lendir í útbrún vegstæðis og verður að óbreyttu fyrir raski.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem eru líklega manngerðar. Minjar (Sölvabakki-34) eru á nyrðri brún melsins.

Lýsing

Hleðslan er einföld grjótröð, 40x80cm að utanmáli.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 118.

Sölvabakki-35 [Sölvabakki-79]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Grjóthrúga

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar eru um 5m frá útbrún vegstæðis og í mikilli vegna framkvæmda.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem eru líklega manngerðar. Minjar (Sölvabakki-35) eru á eystri brún melsins.



Mynd 12. Grjóthrúga nr. 35.

Lýsing

Grjóthrúga er á eystri brún melsins, 1x2m að utanmáli. Hún er þakin grjóti af mismunandi stærðum og eru tvö til þrjú lög af smásteinum ofan á. Hleðslan virðist ekki mjög gömul en lyng og mosagróður er utan með.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 118.

Sölvabakki-36 [Sölvabakki-80]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar eru um 7m frá útbrún vegstæðis og í mikilli vegna framkvæmda.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svagrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem eru líklega manngerðar. Minjar (Sölvabakki-36-39) eru saman í hnapp vestanvert á melnum og mynda nánast ferhyrning.

Lýsing

Hleðsla (Sölvabakki-36) er 50-60cm að utanmáli og er mynduð af 6 nokkuð stórum steinum. Umhverfis hleðsluna er mosa og lyng gróður.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggingasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 119.



Mynd 13. Steinalögn nr. 36.

Sölvabakki-37 [Sölvabakki-81]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar eru um 6m frá útbrún vegstæðis og í mikilli vegna framkvæmda.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svagrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem eru líklega manngerðar. Minjar (Sölvabakki-36-39) eru saman í hnapp vestanvert á melnum og mynda nánast ferhyrning.

Lýsing

Steinalögnin (Sölvabakki-37) er 40x60cm að utanmáli, mynduð af 7 steinum sem liggja í ferhyrning.



Mynd 14. Steinalögn nr. 37.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 118.

Sölvabakki-38 [Sölvabakki-82]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml


Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar eru um metra frá útbrún vegar og verða mjög líklega fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem eru líklega manngerðar. Minjar (Sölvabakki-36-39) eru saman í hnapp vestanvert á melnum og mynda nánast ferhyrning.



Mynd 15. Steinalögn nr. 38. Brunnbolli í baksýn. Horft er til vesturs.

Lýsing

Steinalögnin (Sölvabakki-38) er um 1x1m á kant, einföld steinalögn, sem er þakin steinum innan útbrúnar.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 120.

Sölvabakki-39 [Sölvabakki-83]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar lenda í útbrún vegar og verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem eru líklega manngerðar. Minjar (Sölvabakki-36-39) eru saman í hnapp vestanvert á melnum og mynda nánast ferhyrning.



Mynd 16. Steinalögn nr. 39.

Lýsing

Steinalögnin (Sölvabakki-39) er gerð úr 5 steinum sem mynda ferhyrning með einn steinn fyrir miðju, um 50x50cm að utanmáli.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 120.

Sölvabakki-40 [Sölvabakki-84]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Grjóthrúga

Hættumat: Engin hættu.

Minjarnar eru um 40m frá útbrún vegstæðis og eru ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem virðast manngerðar. Minjar (Sölvabakki-40 og 41) eru á austurbrún melsins, gegnt hleðslum (Sölvabakki-33-34).



Mynd 17. Grjóthrúga nr. 40. Eins og sjá má er stærri steinn við endann á hrúgunni.

Lýsing

Aflöng grjóthrúga með stærri stein við annan endann. Hún er 60x120cm að utanmáli.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 121.

Sölvabakki-41 [Sölvabakki-85]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Grjóthrúga

Hættumat: Engin hættu.

Minjarnar eru um 40m frá útbrún vegstæðis og eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar. Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem



Mynd 18. Grjóthrúga nr. 41.

virðast manngerðar. Minjar (Sölvabakki-40 og 41) eru á austurbrún melsins, gegnt hleðslum (Sölvabakki-33-34).

Lýsing

Grjóthrúga, óregluleg í lögun, um 60x60cm á kant.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 121.

Sölvabakki-42 [Sölvabakki-88]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Grjóthrúga

Hættumat: Mikil hættu.

Minjarnar eru um 7m frá útbrún vegstæðis og eru taldar í mikilli hættu

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar.

Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem virðast manngerðar. Minjar (Sölvabakki 42-43) eru syðst á melnum.



Mynd 19. Grjóthrúga nr. 42.

Lýsing

Grjóthrúga, um 1x1m að utanmáli, með frekar smáu grjóti. Hrúgan virðist ekki mjög gömul.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 123.

Sölvabakki-43 [Sölvabakki-89]

[sjá mynd 10]

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hættu.

Minjarnar eru um 5m frá miðlínu vegar og munu verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Suðaustan við túnið á Svangrund er tjörn sem nefnist Ullartjörn og austan við hana eru lítt grónir melar.

Á þessum melum er fjöldi grjóthleðsla eða grjóthrúga sem virðast manngerðar. Minjar (Sölvabakki 42-43) eru syðst á melnum.



Mynd 20. Steinalögn nr. 43 utan um fuglaþífu.

Lýsing

Steinalögn utan um fuglaþúfu, um metri í þvermál. Þarna hefur mögulega verið varða sem nú er hrúnin.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Bygðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 123-124.



Mynd 21. Minjar á bæjarstaði Sölvabakka.

Sölvabakki-44 [Sölvabakki-1] [sjá mynd 21]

Hlutverk: Híbyli, fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættta. Gamli bærinn var um 70m frá áætlaðri heimreið og er ekki talin í hættu.

Staðhættir

Gömul hlaða er áföst íbúðarhúsinu að austan og stendur þar sem að gamli bærinn var áður.

Lýsing

Öll ummerki um bæinn eru horfin.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt sem gerð var á gamla bænum 1841 eru talin eftirfarandi hús: Baðstofa, búrhús, eldhús, skáli, göng, skemma og fjós sem var áfast bænum að sunnan (Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 151).

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 80.

Sölvabakki-45 [Sölvabakki-2] [sjá mynd 21]

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Fjánhúsin stóðu um 35m frá endanum á nýju heimreiðinni og eru ekki talin í hættu.

Staðhættir

Fjánhús stóðu um 60m suðaustur frá íbúðarhúsinu, á milli heimreiðar og vegarins að núverandi fjárhúsum.

Lýsing

Fjánhúsin stóðu fram til 1976 en voru þá rifin. Hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 81.

Sölvabakki-46 [Sölvabakki-3] [sjá mynd 21]

Hlutverk: Hrútakofi

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Nákvæm staðsetning kofans er ekki þekkt en talið að hann hafi staðið nokkru vestar en fyrirhuguð heimreið en jarðlægar minjar, ef einhverjar, ekki taldar í hættu.

Staðhættir

Fjánhús stóðu um 60m suðaustur frá íbúðarhúsinu, á milli heimreiðar og vegarins að núverandi fjárhúsum og fram til 1966 var hrútakofi norðan við þau.

Lýsing

Hrútakofi var einhversstaðar norðan við fjárhús (Sölvabakki-45). Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en hnit voru tekin af loftmynd eftir lýsingu og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 81.

Sölvabakki-47 [Sölvabakki-4] [sjá mynd 21]

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Vegslóði

Hættumat: Engin hættu. Gamla heimreiðin er meira en 50m frá nýju heimreiðinni og ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Gamla heimreiðin lá til suðurs frá bænum og er enn vegslóði vestan við fjárhúsin og meðfram Sandgili.

Lýsing

Á túnakorti virðist heimreiðin hafa legið á svipuðum stað og vegurinn að fjárhúsunum gerir og síðan líklega beygt til suðurs. Það er vegslóði austan við fjárhúsin, meðfram Sandgili og áfram

suður á túnin, sem enn er notaður í dag. Annar slóði sést meðfram Sandgili að sunnan og áfram suður meðfram sjávarbakkanum.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 81-82.

Sölvabakki-48 [Sölvabakki-10] [sjá mynd 21]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Hættumat: Engin hættu. Hryggurinn er rúmlega 60m frá nýju heimreiðinni og er ekki talinn í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Sunnan við fjárhúsin á Sölvabakka er gróinn hryggur sem liggur austur-vestur, mögulega leifar túngarðs.

Lýsing

Hryggurinn er lágur, mest um 20cm hár og 1-1.5m á breidd, grasi gróinn. Hann liggur í stefnuna austur-vestur og er tæplega 70m langur. Það sér í steiptan kant þar sem að hryggurinn er rofinn.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 84.



Mynd 22. Minjar norðan Ámutjarnar eru ekki taldar í neinni hættu vegna lagningar nýrrar heimreiðar að "Ömmuhúsi".

Sölvabakki-49 [Sölvabakki-73] [sjá mynd 22]

Hlutverk: Óþekkt, bústaður

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættta. Tóftin er rétt tæpa 100m frá nýrri heimreið og ekki talin í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Efst í brekkunni norður af Ámutjörn, um 70m austur af íbúðarhúsinu á Svangrund er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er í heild 7x20m að utanmáli. Hún skipist í 5 hólf en norðurendi hennar er kominn undir girðingu og norðan hennar er slétt tún. Sá hluti tóftar sem er enn heill er 7x17m að utanmáli. Veggir eru um metri á breidd og 30-60cm háir. Einar dyr eru greinanlegar, syðst á suðurvegg og snúa þær mót suðri. Veggir eru aðeins orðnir þýfðir og eru þúfur í tóftinni sem er algróinn grasi og innan veggja er vallhumall. Útlit tóftar bendir til að um íveruhús gæti verið að ræða, fremur en að þetta hafi verið útihús.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 115-116.

Sölvabakki-50 [Sölvabakki-74] [sjá mynd 22]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er um 90m frá nýju heimreiðinni og ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Efst í brekkunni norður af Ámutjörn, um 70m austur af íbúðarhúsinu á Svagrund eru tóftir. Vestan við tóft (Sölvabakki-49) er önnur tóft minni, sem snýr þvert á hana eða austur-vestur.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og er 8x10m að utanmáli. Veggir eru mikið hrundir, um 2m á breidd og 30-65cm háir. Dyr hafa verið til vesturs en austurveggur nær saman við suðurvegg tóftar (Sölvabakki-49). Lág teggjarlag virðist vera fyrir miðri tóft og skiptir það henni í tvennt, það er um 60cm breitt.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 116.

Sölvabakki-51 [Sölvabakki-75] [sjá mynd 22]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er tæplega 60m frá nýrri heimreið og er ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Efst í brekkunni norður af Ámutjörn, um 30m austur af íbúðarhúsinu á Svagrund er garðlag, líklega hluti af túngarði (Sölvabakki-52) og tóft vestan við það.

Lýsing

Tóftin er byggð við garðlag (Sölvabakki-52) sem er þá jafnframt norðausturveggur hennar. Hún er 4x5m að utanmáli, breidd veggja er um 1,5m og hæð þeirra 30-50cm. Tóftin er algróin grasi og hlaupin í þúfur.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 116.

Sölvabakki-52 [Sölvabakki-67] [sjá mynd 22]

Hlutverk: Túngarður?

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru tæplega 70m frá nýju heimreiðinni og ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Garðlag liggur upp brekkuna, til norðvestur frá norðurenda Ámutjarnar.


Lýsing

Garðurinn er tæplega 60m langur og nær frá tjörninni að girðingu í norðri. Norðan við girðinguna er slétt tún og garðurinn hefur að líkindum legið lengra til norðurs og mögulega horfið við túnasléttun. Hann er mest 2m á breidd og um 50cm hár. Hann er algróinn og að hluta

nokkuð þýfður, einkum upp í brekkunni. Annar garður er við austurhlið vatnsins og liggur hann frá vatninu og upp brekku til austurs að túninu sem fyrr er getið. Líklega er þetta hluti af sama túngarði.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 112.



Mynd 23. Príhólar og Príhólagötur eru á merkjum Bakkakots og Blöndubakka.

Bakkakot-53 [sjá mynd 23]

Sérheiti: Príhólagötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hættta. Vegurinn mun liggja yfir minjarnar að hluta.

Staðhættir

Príhólagötur liggja frá Bakkakoti til austurs að norðurenda Hólmavatns. Frá Bakkakoti liggur gatan í gegnum þýft mólendi en austan við Príhóla taka við melar og grónar lágar á víxl þar til komið er að norðurenda vatnsins.

Lýsing

Göturarnar voru mældar af loftmynd þar sem að þær sjást vel greinilega en meðfylgjandi ljósmynd var tekin á vettvangi. Þær eru rúmlega 1,4km að lengd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots (bls. 2) segir: „Þríhólagata nefnist götutroðningar sem liggja heiman frá Bakkakoti með Þríhólum að norðan, og þaðan austur í Brennílágar sem eru hrís- og lynglágur norðan við svonefnt Hólmavatn“.

Bakkakot-54 [sjá mynd 23]

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Niðurgröftur, tóft

Hættumat: Mikil hættu.

Minjarnar eru um 20m frá miðlínu heimreiðar.

Staðhættir

Þríhólar heita í svonefndum Hrísmóum (sjá aðrar upplýsingar) og eru þrír eins og nafnið gefur til kynna. Þeir liggja frá vestri til austurs á um 160m kafla og við vestasta hólinn er niðurgröftur eða tóft.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 1x1,5m að innanmáli og útbrún um metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots (bls. 2) segir: „Hrísmóar eru á stóru svæði austur frá Baunalág. Í þeim eru Þríhólar, í suðaustur frá Baunalág. Þeir liggja frá vestri til austurs“. Í örnefnaskrá Jóns Ó. Benónýssonar segir (bls. 1) „skammt austur af túninu eru smá hólar sem heita Þríhólar taldar vera fornar dysjar“.

Bakkakot-55 [sjá mynd 23]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hættu.

Minjarnar eru við útbrún vegstæðis og í mikilli hættu.

Staðhættir

Þríhólar heita í svonefndum Hrísmóum (sjá aðrar upplýsingar) á merkjum Blöndubakka og Bakkakots. Þeir eru þrír eins og nafnið gefur til kynna og liggja frá vestri til austurs. Á mið hólnum er niðurgröftur.



Mynd 24. Kofatóft nr. 54, á vestasta Þríhólnum. Horft er til suðurs.



Mynd 25. Þríhólar eru eins og nafnið gefur til kynna þrír og á mið-hólnum er niðurgröftur, nr. 55. Horft er til austurs.

Lýsing

Niðurgrofturinn er um 1x1,5m að innanmáli og útbrún um metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots (bls. 2) segir: „Hrísmóar eru á stóru svæði austur frá Baunalág. Í þeim eru Þríhólar, í suðaustur frá Baunalág. Þeir liggja frá vestri til austurs“. Í örnefnaskrá Jóns Ó. Benónýssonar segir (bls. 1) „skammt austur af túninu eru smá hólar sem heita Þríhólar taldar vera fornar dysjar“.

Bakkakot-56 [sjá mynd 23]

Sérheiti: Þríhólar

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hættu. Hóllinn er um 75m frá útbrún framkvæmdasvæðis og er ekki talinn í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Þríhólar heita í svonefndum Hrísmóum (sjá aðrar upplýsingar) á merkjum Blöndubakka og Bakkakots. Þeir eru þrír eins og nafnið gefur til kynna og liggja frá vestri til austurs.

Lýsing

Á austasta hólnum er ekki neitt manngert að sjá og líklegt að hóllinn sé náttúrulegur en hann er hér hafður með í skráningunni vegna munnmæla um að hólarnir hafi verið fornar dysjar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots (bls. 2) segir: „Hrísmóar eru á stóru svæði austur frá Baunalág. Í þeim eru Þríhólar, í suðaustur frá Baunalág. Þeir liggja frá vestri til austurs“. Í örnefnaskrá Jóns Ó. Benónýssonar segir (bls. 1) „skammt austur af túninu eru smá hólar sem heita Þríhólar taldar vera fornar dysjar“.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots (bls. 2) segir: „Hrísmóar eru á stóru svæði austur frá Baunalág. Í þeim eru Þríhólar, í suðaustur frá Baunalág. Þeir liggja frá vestri til austurs“. Í örnefnaskrá Jóns Ó. Benónýssonar segir (bls. 1) „skammt austur af túninu eru smá hólar sem heita Þríhólar taldar vera fornar dysjar“.

Bakkakot-57 [sjá mynd 28]

Hlutverk: Matjurtagarður, rétt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Minjarnar um 40m frá miðlínu heimreiðar, hinu megin þjóðveggar, og eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Kotsdalur heitir lautardrag sem liggur frá vestri til austurs, norðan við bæinn í Bakkakoti. Austast í draginu, rétt vestan við þjóðveginn eru garðlög (Bakkakot-57) og tóft (Bakkakot-58).

Lýsing

Garðlagið afmarkar 7,5x11.5m svæði og virðist líklegast hafa verið matjurtagarður en gæti einnig hafa verið rétt. Veggir eru grasi grónir, 20-50cm á hæð og 60cm breiðir. Umhverfis garðlögin eru dældir þar sem líklega hefur verið tekið torf í veggina. Valdimar Guðmannsson sem ólst upp í Bakkakoti vissi ekki hvert hlutverk minjanna hafi verið en sagði að þarna hefur börnin haft sín bú þegar að hann var að alast upp (Munnl. heimild: Valdimar Guðmannsson, 1. febrúar, 2018).

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Bakkakots (bls. 3) segir: „Norðan við tún í Bakkakoti er Bakkakotsdalur, í daglegu tali nefndur Kotsdalur, stórt lautardrag frá austri til vesturs. Þjóðvegurinn liggur um efri enda Kotsdals“.

Bakkakot-58 [sjá mynd 28]

Hlutverk: Stekkur, útihús


Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Minjarnar eru rúmlega 50m frá miðlínu heimreiðar, hinu megin þjóðveggar, og eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Kotsdalur heitir lautardrag sem liggur frá vestri til austurs, norðan við bæinn í Bakkakoti. Austast í draginu, rétt vestan við þjóðveginn eru garðlög (Bakkakot-57) og tóft (Bakkakot-58).



Mynd 26. Tóftir í Bakkakotsdal eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.




Mynd 27. Tóft nr. 58 er nær á myndinni en garðlag nr. 57 fjær.. Horft er eftir Bakkakotsdal til suðausturs.

Lýsing

Tóftin er 8x8m að utanmáli og hafa dyr eða hlið til norðvesturs. Tóftin virðist tvískipt og gæti hafa verið stekkur eða úthús af einhverju tagi. Veggir eru grasi grónir og 30-50cm háir. Norðausturveggur er hruninn og er um 1,5m á breidd en veggir eru annars 80-100cm breiðir. Aðeins sést í eitt grjót í vegghleðslu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots (bls. 3) segir: „Norðan við tún í Bakkakoti er Bakkakotsdalur, í daglegu tali nefndur Kotsdalur, stórt lautardrag frá austri til vesturs. Þjóðvegurinn liggur um efri enda Kotsdals“.



Mynd 28. Gamli bærinn í Bakkakoti var nokkru sunnan við núverandi íbúðarhús og er ekki talin í hættu vegna framkvæmda. Eins eru minjar í Bakkakotsdal norðaustan við fjárhúsinu sem ekki eru heldur taldar í hættu.

Bakkakot-59 [sjá mynd 28]

Sérheiti: Bakkakot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru rúmlega 74m frá enda heimreiðar og eru ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Torfbærinn í Bakkakoti stóð rúmlega 50m sunnan við núverandi íbúðarhús þar sem að enn stendur eldra íbúðarhús.

Lýsing

Búið er að rífa bæinn en enn stendur hús sem að flutt var frá Svagrund að Bakkakoti og byggt við gamla torfbæinn. Samkvæmt heimildamanni var fjós sunnan við bæinn og innangengt í það. Þar voru einnig skemma og þar sunnan við fjárhús úr torfi. Þær minjar eru utan skráningarsvæðis. Þarna geta verið minjar í jörðu en þær eru ekki taldar í hættu vegna fyrirhugaðrar veglagningar.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati 1916-1918 segir: „Bæjarhús eru fremur lítilfjörleg, byggð úr torfi og timbri, en allvel stæðileg“. (Bakkakot nr. 215 bls. 190).

Enni-60 [Enni-16]

Sérheiti: Bakkagata

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið

Hættumat: Mikil hættu. Vegurinn mun liggja yfir minjarnar.

Staðhættir

Götur liggja frá túninu í Enni að túninu í Bakkakoti og nefndust Bakkagata.

Lýsing

Göturnar voru hnitsettar af loftmynd þar sem að þær sjást greinilega. Þær liggja frá túninu á Enni til norðvesturs að túni á Bakkakoti og eru rétt rúmlega 1,1km að lengd. Á loftmyndinni sést að göturnar liggja eftir þurrum melum sem eru að hluta ógrónir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Ennis (bls. 1) segir: „Frá túninu til N.V., í átt að Blöndubakka, sést víða fyrir götutroðningum; nefnd Bakkagata“.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 18.

Enni-61 [Enni-12]

Sérheiti: Sölvatóft

Hlutverk: Óþekkt, híbýli

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hættu. Minjarnar eru um 75m frá útbrún vegstæðis, í túni á Enni, og ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Í sléttu túni, um 220m suðvestur af íbúðarhúsinu á Enni er smá hóll, þar sem áður var tóft sem nefndist Sölvatóft.

Lýsing

Búið er að slétta yfir tóftina en smá hóll er í túninu þar sem hún var. Ævar Þorsteinsson fyrrum bóndi í Enni taldi að þarna hefði hugsanlega verið bústaður einsetumanns (Bryndís Zoëga ofl., 16).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Ennis (bls. 1) segir: „Norðvestur af túninu er tóftarrúst, sem heitir Sölvatóft“.

Heimild

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga 2009/88. Bls. 16.



Mynd 29. Steinalög nr. 62 á toppi Ólafsholts í landi Blöndubakka.

Blöndubakki-62

Hlutverk: Óþekkt, varða

Tegund: Steinalög

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á merktu efnistökusvæði.

Staðhættir

Aflangt holt, Ólafsholt, var merkt sem efnistökusvæði um 190m austur af vegstíku 2500. Sunnarlega og á hábungu holtsins var grjóthrúga.

Lýsing

Um var að ræða 2,2x1,7m svæði með dreifðum steinum. Í miðjunni voru

nokkrir steinar í hrúgu sem bendir til að þarna hafi staðið lítil varða, en ekki hefur hún verið vönduð smíð.



Mynd 30. Ferköntuð steinalög á hugsanlegu efnistökusvæði í landi Blöndubakka.

Blöndubakki-63

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalög

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á merktu efnistökusvæði.

Staðhættir

Ferköntuð steinlög lá vestarlega á efnistökusvæði um 200m vestan veglínunnar í landi Bakkakots.

Lýsing

Um var að ræða ferkantaðan grjót flöt um 1x1,5m að stærð. Einungis eitt lag var í hleðslunni. Engir steinar voru umhverfis sem bent gætu til að þetta væri undirstaða vörðu. Vera kann að þarna hafði verið hlaðið eldstæði en ekki er hægt að útiloka að þarna hafi verið heiðin gröf.

Niðurstöður

Fyrirhuguð veglína liggur í gegnum land jarðanna: Ennis, Blöndubakka, Bakkakots, Sölvabakka, Lækjardals (áður Efri- og Neðri), Syðra-Hóls, Höskuldsstaða og Ytra-Hóls. Fornleifar fundust innan skráningarsvæðis (100m frá miðlínu vegar) á öllum jarðanna, nema í landi Ytra-Hóls og Lækjardals. Alls voru 63 fornleif skráð, 9 á vettvangi 2017 en 54 á árunum 2008-2009. Gert var hættumat vegna framkvæmda fyrir allar minjar innan skráningarsvæðis og eru niðurstöður þess sýndar í töflu 1. Alls voru 60% skráðra minja ekki taldar í hættu vegna framkvæmda, 2% eru í hættu og 38% í mikilli hættu.

Tafla 1. Minjar flokkaðar eftir hættumati.

Hættumat	Fjöldi	% af heild
Mikil hættu	24	38
Hættu	1	2
Engin hættu	38	60
Samtals	63	100

Minjar í hættu og tillögur að mótvægisáðgerðum

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim minjum sem taldar eru í hættu/mikilli hættu (sjá töflu 2) vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Farið er yfir það hvaða áhrif framkvæmdirnar eru taldar hafa á minjarnar og tillögur gerðar að mótvægisáðgerðum þar sem það á við. Hér er eingöngu að ræða um tillögur skýrsluhöfundar að mótvægisáðgerðum en endanleg ákvörðun um hvort eða hvaða áðgerða verður gripið til er tekin af Minjastofnun Íslands. Mótvægisáðgerðir geta verið með mismunandi hætti. Í þeim tilvikum þar sem að fornleifar eru í hættu/mikilli hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæði en lenda ekki innan þess, þarf að skoða hvort að hægt sé hægt að merkja minjarnar. Það þarf að gera á áberandi hátt svo að framkvæmdaraðilar séu meðvitaðir um að þarna séu fornleifar og geti þannig forðast að skemma minjarnar. Þegar að minjar lenda í vegstæði er ljóst að þær munu hverfa við framkvæmdirnar. Í þeim tilvikum er aðeins unnt að varðveita minjarnar með tilfærslu veglínu. Ef ekki er hægt að breyta veglínu getur Minjastofnun farið fram á rannsókn á minjunum í formi könnunarskurða eða fullnaðar rannsókn (heildar uppgröft). Einnig er hægt að sækja um til stofnunarinnar að fá að hylja eða fjarlægja minjar (sbr. 21 gr. laga um menningarminjar frá 2012).

Í töflu 2 er að finna yfirlit yfir þær 25 minjar sem eru taldar í hættu eða mikilli hættu. Allar nema fjórar af þeim minjum sem skráðar eru í hættu/mikilli hættu eru sagðar vel greinanlegar, þ.e. ástand þeirra er metið gott og þær glöggar á yfirborði. Af 25 minjum í töflu 2 eru 15 skráðar með óþekktu hlutverki, 3 tóftir eru taldar hey- eða mótóftir, 3 leiðir/götur, 1 matjurtagarður og 1-2 stekkir. Í nokkrum tilvikum, þar sem hlutverk tófta er óljóst, er það sagt óþekkt en mögulegt hlutverk einnig talið upp.

Tafla 2. Skráðar minjar sem taldar eru í hættu eða mikilli hættu.

Jörð	Nr.	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Metrar frá útbrún
Höskuldsstaðir	1914-9	tóft	mótóft	1500	1920	vel greinileg	mikil hættu	12
Syðri-Hóll	1914-10	tóft	heytóft, mótóft	1700	1950	greinanleg	mikil hættu	9
Syðri-Hóll	1914-11	tóft	heytóft, mótóft	1700	1950	greinanleg	mikil hættu	3
Syðri-Hóll	1914-12	vegslóði	leið	1876	1950	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Sölvabakki	1914-15	garðlag	matjurtagarður	1800	1950	greinanleg	hættu	26
Sölvabakki	1914-16	tóft	óþekkt	1300	1800	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Sölvabakki	1914-17	tóft	óþekkt	1300	1800	greinanleg	mikil hættu	1
Sölvabakki	1914-30	tóft	stekkur	1700	1900	greinanleg	mikil hættu	11
Sölvabakki	1914-31	tóft	óþekkt	1600	1900	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Sölvabakki	1914-32	tóft	óþekkt, stekkur	1600	1900	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Sölvabakki	1914-33	steinalögn	óþekkt	900	1900	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Sölvabakki	1914-34	steinalögn	óþekkt	900	1000	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Sölvabakki	1914-35	grjóthrúga	óþekkt	900	1930	greinanleg	mikil hættu	5
Sölvabakki	1914-36	steinalögn	óþekkt	900	1930	greinanleg	mikil hættu	7
Sölvabakki	1914-37	steinalögn	óþekkt	900	1930	greinanleg	mikil hættu	6
Sölvabakki	1914-38	steinalögn	óþekkt	900	1930	greinanleg	mikil hættu	1
Sölvabakki	1914-39	steinalögn	óþekkt	900	1930	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Sölvabakki	1914-42	grjóthrúga	óþekkt	900	1930	greinanleg	mikil hættu	7
Sölvabakki	1914-43	steinalögn	óþekkt	900	1930	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Blöndubakki	1914-53	gata	leið	800	1950	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Blöndubakki	1914-54	niðurgröftur, tóft	óþekkt, kofi	800	1800	greinanleg	mikil hættu	20
Blöndubakki	1914-55	niðurgröftur	óþekkt	800	1900	greinanleg	mikil hættu	1
Enni	1914-60	gata	leið	1000	1940	greinanleg	mikil hættu	í veglínu
Blöndubakki	1914-62	steinalögn	óþekkt, varða	800	1900	greinanleg	mikil hættu	efnis-töku-svæði
Blöndubakki	1914-63	Óþekkt, kuml	steinalögn	800	1900	greinanleg	mikil hættu	efnis-töku-svæði

Höskuldsstaðir

Höskuldsstaðir [1914-9] er mótóft sem liggur um 12m suðvestur af útbrún vegstæðis. Tóftin er talin í mikilli hættu vegna nálægðar við framkvæmdarsvæði.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Þar sem að minjarnar lenda ekki innan framkvæmdarsvæðis er lagt til að þær verði merktar á áberandi átt.

Syðri-Hóll

Tóftir [1914-10 og 11] eru báðar hey- eða mótóftir og eru rétt við merkin milli Syðra-Hóls og Höskuldsstaða. Tóft [1914-10] er rétt um 13m suðvestur frá útbrún vegstæðis en tóft [1914-11] er rétt um 8m suðvestur af vegstæðinu. Þær eru taldar í mikilli hættu vegna nálægðar við framkvæmdarsvæði.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Þar sem að minjarnar lenda ekki innan framkvæmdarsvæðis er lagt til að þær verði merktar á áberandi hátt.

Gamli þjóðvegurinn [1914-12] liggur frá gamla brúarstæðinu við Laxá til norðurs upp brekku og beygir síðan til norðvesturs eftir melum og er þar greinilegur á nokkrum kafla. Nýi vegurinn mun liggja eftir gamla veginum eftir að komið er upp á melana, á rúmlega 300m kafla og gamli vegurinn mun hverfa við framkvæmdir að óbreyttu. Um 120-130m kafla frá ánni og til norðurs upp brekkuna upp að nýja veginum ætti ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Sækja þarf um til Minjastofnunar að fjarlægja eða hylja minjarnar.

Sölvabakki

Fornbýli – Fúsakot?

Í inngangi er gerð grein fyrir þeim forsendum sem að liggja að baki hættumatinu. Gert er hættumat fyrir hverja fornleif fyrir sig og geta aðstæður ráðið því að minjar sem eru nálægt framkvæmdarsvæði séu ekki taldar í hættu. Þannig er með fornbýli sem er í Stekkjarhvammi í landi Sölvabakka, mögulega leifar svokallaðs Fúsakots. Þar er túngarður umhverfis fjölda tófta sem tilheyrir hafa fornu býli. Tóftirnar sem lenda næst veginum er í um 24m fjarlægð en þar sem að vegstæðið er austan við svonefndan Dalalæk (og minjarnar vestan við lækinn) er ekki gert ráð fyrir að þær séu í hættu. Þarna ber þó eins og alltaf í nálægð við minjar að sýna sérstaka aðgát og er lagt til að minjarnar/minjasvæðið verði merktar með áberandi hætti.

Garðlag [1914-15] sem að líkindum er matjurtagarður er um 25m suðaustur af framkvæmdarsvæðinu og skráður í hættu vegna nálægðar við framkvæmdir.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Þar sem að minjarnar eru skammt frá framkvæmdarsvæðinu er lagt til að þær verði merktar á áberandi hátt til að forða þeim frá skemmdum.

Tóft [1914-16] er í miðju vegstæðinu og mun að óbreyttu hverfa við framkvæmdir. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hún er nokkuð fornleg útlits.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ef ekki er hægt að færa veglínuna þyrfti að rannsaka minjarnar frekar.

Tóft [1914-17] er 20m sunnan við tóft [1914-16] og fast við útbrún framkvæmdasvæðis. Hún er talin í mikilli hættu vegna nálægð við framkvæmdasvæði. Hlutverk hennar er óþekkt en hún er nokkuð fornleg.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ef ekki er hægt að færa veglínuna þyrfti að rannsaka minjarnar frekar.

Stekkjartóft [1914-30] er kölluð Sveinsstekkur og er í Sveinsstekkjarlout. Nýi vegurinn mun liggja þvert yfir lautina og er stekkjartóftin um 10m suðaustur frá útbrún framkvæmdasvæðis. Hún er því talin í hættu vegna vegagerðarinnar.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Þar sem að minjarnar eru skammt frá framkvæmdasvæðinu er lagt til að þær verði merktar á áberandi hátt til að forða þeim frá skemmdum.

Aðeins 5m eru á milli tófta [1914-31] og [1914-32] sem báðar lenda undir vegi/vegfyllingu að óbreyttu. Tóft nr. 32 gæti verið stekkjartóft en hlutverk tóftar nr. 31 er óþekkt. Tóftirnar eru í Sveinsstekkjarlout, um 30m norðvestur af tóft Sveinsstekkjar [1914-30].

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ef ekki er hægt að færa veglínuna þyrfti að rannsaka minjarnar frekar.

Steinlagnir og grjóthrúgur: [1914-33], [1914-34], [1914-35], [1914-36], [1914-37], [1914-38], [1914-39], [1914-42] og [1914-43] eru allar á melunum austur og suður af Ullartjörn, rétt norðan við merkin milli Sölvabakka (áður Svangrundar) og Bakkakots. Þetta eru allt steinalagnir eða grjóthrúgur/hleðslur sem eiga það sameiginlegt að vera eða virðast vera manngerðar. Fjórar lenda [1914-33, 34, 39, 43] innan vegstæðis og munu að óbreyttu hverfa við framkvæmdir. En minjar [1914-35], [1914-36], [1914-37], [1914-38] og [1914-42] eru allar innan við 10m frá útbrún vegstæðis. Aldur minjanna er óþekktur og erfitt getur verið að aldursgreina minjar af þessu tagi en þær virðast þó misgamlar (þar er horft til gróðurs, skófa o.fl.). Þessar minjar eru allar skráðar með óþekkt hlutverk sökum þess að erfitt er að ákvaða hlutverk út frá útliti. Það má þó reyna að geta sér til um hlutverk og kemur þá einkum þrennt til greina. Þetta kunna að vera ummerki um leik barna eða dægradvöl smala en einnig gætu sumar hleðslanna verið leifar heiðinna grafa. Óvíst er hvort að hlutverk minjanna verði skýrt með fornleifarannsókn þar sem að þær eru á örfoka mel og lítill jarðvegur umhverfis.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ef ekki er hægt að færa veglínuna þyrfti að rannsaka minjarnar frekar.

Þríhólagötur [1914-53] liggja frá Bakkakoti að Brennílágum við norðurenda Hólmavatns.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Gatan er í heild um 1,4km að lengd og er talið að framkvæmdirnar muni aðeins raska litlum hluta hennar og því eru ekki gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum.

Þríhólar er örnefni á merkjum Bakkakots og Blöndubakka. Það eru þrjú litlir náttúrulegir hólar sem að liggja frá vestri til austurs. Í örnefnaskrá er þess getið að þarna séu taldar vera fornar dysjar. Smátóft er á vestasta hólnum [1914-54] og niðurgröftur á miðhólnum [1914-55]. Hlutverk þeirra óljóst en ekki hægt að útiloka að um að um leifar heiðinna grafa sé að ræða. Miðhóllinn er við útbrún framkvæmdasvæðis og er í mikilli hættu og vestasti hóllinn er um 20m frá miðlínu. Austasti hóllinn er langt utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu að óbreyttu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Um er að ræða hjalla sem liggur í um 65 m hæð og er hluti af yfirborðsmiklu tiltölulega sléttu svæði sem teygir sig frá stöð 1327 og að stöð 4965. Hjallinn stendur um 3 m hærra en svæðið austan við hann sem einkennist af setmyndunum í dauðislandslagi. Efnid í honum er bæði þveginn jökulruðningur og jökulárset. Efnid er blandað silti og neðan við 2 m dýpi komu fram 1-2 m stór grettistökö í fjórum af sex gryfjum sem grafnar voru í hjallann. Rannsóknaniðurstöður, gryfjulýsingar og -súlur fylgja í viðauka 2. Afmarkað efnistökusvæði er um 18.500 m² að stærð og efnid ætlað sem fylling og fláafleygar.

Slóði liggur frá veglínu í stöð 4284-4288 til hægri að námunni. Um 200 m eru að miðju námunnar frá veglínunni og af því liggja um 75 m eftir slóðinni að útjaðri áætlaðs námusvæðis. Sami slóði liggur einnig að litlu sumarhúsi sem stendur við tjörn austan við námusvæðið.

Á loftmynd sést reglulegt munstur á yfirborði sem bendir til þess að reynt hafi verið að græða melinn, hvort sem sáning eða áburður hefur verið nýttur. Þar sem gróðurþekja er minnst (einungis um 15%) vaxa mosi og lyng, en þar sem gróðurþekja er 100% vex gras og er það tæplega helmingur afmarkaðs námusvæðis.

Vinnsla og frágangur

Gert er ráð fyrir því að hjallinn verði unninn niður um 2-4 m og þannig lækkaður niður að því landslagi sem liggur austan hans. Svarðlag er misþykkt á melnum (0,4-0,8 m). Auðvelt ætti að vera að ganga vel frá námunni og laga hana að landslaginu umhverfis þar sem einungis er verið að lækka útkjálka niður að nærliggjandi umhverfi. Frágangur tæki mið af landformum og gróðri á svæðinu og yrði unninn í samráði við eftirlit og jarðfræðing Vegagerðarinnar. Flái niður í námu af hjallanum mætti vera 1:2.

Gæta þarf að leiðin að sumarhúsinu haldist greið meðan á vinnslu stendur.


Verndargildi

Verndargildi jarðmyndunarinnar telst vera hátt (fellur í 2. verndarflokk Vegagerðarinnar) þar sem svæðið er skipulagt sem Vatnsverndarsvæði III (fjarsvæði vatnsbóla) á Aðalskipulagi Blönduóbæjar

2010-2030. Gera þyrfti því viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og fara eftir starfsleyfisskilyrðum frá heilbrigðisnefnd svæðisins.

Jökulruðningur og jökulárset nýtur enngar sérstakrar verndar og efnistakan ætti ekki að verða áberandi, hvorki meðan á framkvæmdunum stendur, né eftir að þeim lýkur, nema frá sumarhúsi því sem hjallinn snýr að. Landeigandi er sáttur við efnistöku.

2.3 Náma C – styrktarlag, fylling og fláafleygar



Mynd 4 - Náma C: Efraleiti.

Tafla 4	Náma C
Jarðmyndun	Þveginn jökulruðningur og jökuláreyri
Staða efnistöku	Ný
Jörð	Sólvabakki
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Styrktarlag, fylling og fláafleygar
Veglína	73
Flatarmál	13.000 m ²
Vinnslumagn	45.000 m ³
Vinnsludýpi	4-5 m
Frágangur	Sjá texta
Gróðurlendi	Rýr melagróður
Þekja	10-30%
Svarðlag	0,3 m
Sáning	Nei
Verndargildi	2. flokkur
Skipulag	Nei
Náttúruvernd	Að hluta innan Vatnsverndarsvæðis III

Hægra megin við stöðvarbil 4700-4950 er hjalli með jökulárseti og þvegnum jökulruðningi. Hjallinn er í um 61 m hæð yfir sjó og skagar fram eins og tota. Yfirborð hjallans er tiltölulega slétt en landform norðan hans eru fingróttir farvegir fornar jökulár, forvera Blöndu. Miðja hjallans hefur verið ræktuð upp og er nýtt sem tún. Landeigendur eru hlynntir því að jaðrar hjallans, umhverfis túnið, séu nýttir. Á óræktuðum svæðum hans er gróðurþekja lítil eða aðeins um 10-30% af íslenskum melagróðri. Neðri hluti brekkunnar niður af hjallanum er þó vel gróin lyngi og öðrum mógróðri.

Grafnar voru sjö gryfjur í hjallann. Rannsóknaniðurstöður, gryfjulýsingar og -súlur fylgja í viðauka 2. Efníð í hjallanum er jökulárset og þveginn jökulruðningur og að hluta til nokkuð gróft. Á yfirborði er siltríkara efni. Túnið var steinhreinsað og við jaðra þess sjást nokkrar hrúgur af steinum frá 0,7-1,2 m í þvermál, en svo stórir steinar komu ekki upp úr gryfjum á afmörkuðu námusvæði. Svæðið sem áætlað er til efnistöku er um 13.000 m² að stærð og nýtist efníð í styrktarlag, fyllingu og fláafleyga. Nýta þyrfti besta efníð í styrktarlag samkvæmt efniskröfum. Lakara efni er austan til í námunni.

Námu-slóð þyrfti að gera frá veglínunni austur að námunni á stöðvarbili 4880-5000.

Vinnsla og frágangur

Efnistaka miðast við að tekið verði efni utan af norðausturhlíð hjallans, og hann lækkaður niður að nærliggjandi umhverfi, um 4-5 m. Svarðlag á yfirborði hjallans er um 0,3 m að meðaltali, en líklega


talsvert þykkara í hlíð hjallans. Frágangur tæki mið af landformum og gróðri á svæðinu og yrði unninn í samráði við eftirlit og jarðfræðing Vegagerðarinnar. Flái niður í námu af hjallanum mætti vera 1:2.

Verndargildi

Verndargildi jarðmyndunarinnar telst vera hátt (fellur í 2. verndarflokk Vegagerðarinnar) þar sem áætlað efnistökusvæði liggur að hluta innan Vatnsverndarsvæðis III (fjarsvæði vatnsbóla) á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030. Gera þyrfti því viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og fara eftir starfsleyfisskilyrðum frá heilbrigðisnefnd svæðisins.

Efnistakan mun vera vel sýnileg frá nýju veglinunni (þegar keyrt er til suðurs) en sjónræn áhrif ættu að vera hverfandi þegar frágangi er lokið.

2.4 Náma D – fylling og fláafleygar



Mynd 5 – Náma D: Urðunarsvæðið Stekkjarvík.

Tafla 5	Urðunarsvæðið Stekkjarvík
Jarðmyndun	Ós- og jökuláreyri
Staða efnistöku	Gömul - efnistöku hefur verið haugsett
Jörð	Sölvabakki
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Fylling og fláafleygar
Veglína	73
Flatarmál	22.400 m ²
Vinnslumagn	110.000 m ³
Vinnsludýpi	5 m (hæð púðans)
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Strá og melgresi
Þekja	30-50%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	5. flokkur
Skipulag	Já
Náttúruvernd	Nei

Vestan við stöð 5500 er sorpurðunarsvæðið við Stekkjarvík sem Norðurá bs. rekur. Grafin hefur verið stór gryfja í sethjallana fyrir sorpið, en efninu úr gryfjunni var komið fyrir í stórum púða suðaustan við urðunargryfjuna. Í frummatsskýrslu Eflu fyrir urðunarsvæðið (2009) og Aðalskipulagi Blönduósbæjar (2010-2030) er lögð áhersla á að það efni sem fellur til við vinnslu urðunarsvæðisins verði látið ganga fyrir sem efniviður fyrir fyrirhugaðar vegafframkvæmdir.

Sethjallarnir á þessum stað eru byggðir upp af seti úr bræðsluvatni jökla. Landið er að mestu sléttur melur sem hallar lítilllega í átt til sjávar. Neðst og næst klöppinni er 15-20 m þykkt lag af hvarfleir sem fallið hefur út úr bræðsluvatni jökla í sjó. Setið er hart, lagskipt og mjög fínefnaríkt, aðallega silt og leir með einstaka malar/sandlinsum inn á milli. Ofan á hvarfleirnum liggur skálöguð nún möl og sandur sem sett hefur verið út í óseyrarumhverfi jökuláa, forvera Blöndu og Laxár. Næst ströndinni er þetta lag 5-10 m þykkt. Efst í hjöllunum er svo jökulárset. En jökulár flæmdust um svæðið, grófu sig niður í setbunkann og mynduðu jökuláreyrar með lækandi sjávarstöðu (Hreinn Haraldsson 1975; Þórólfur H. Hafstað 1976; Moriwaki 1990; Efla 2009).

Grafnar voru tíu gryfjur í efnispúðann. Kornakúrfur, gryfjulýsingar og -súlur fylgja í viðauka 2. Þá vann Efla umhverfismat vegna urðunarstaðarins árið 2009 og í tengslum við það voru grafnar fimm gryfjur framarlega í sethjallana, nærri ströndinni. Einnig var rætt við kunnuga varðandi hvernig efninu var komið fyrir. Stærstur hluti efnisins í púðanum er silt og leir, eða siltblandað efni, sem hangir gjarnan saman í þéttum kögglum, og sandur. Efnið innan þess 22.400 m² svæðis sem afmarkað hefur verið, suðaustan til í púðanum, er blanda af silti, sandi og möl. Meginuppistaða í norðvesturhlutanum er silt. Mögulega mætti gera ráð fyrir að nýta meira efni úr púðanum, verði breytingar á hönnun sem hafa í för með sér aukningu á magni í fyllingum og fláafleygum. Gera má ráð fyrir að það efni yrði erfitt í vinnslu í bleytu. Nokkuð stór sandhraukur er nyrst í púðanum, en sá er nýttur af urðunarstaðnum. Mold virðist ekki hafa verið tekin af yfirborði og haldið til haga þegar gryfjutakan hófst, heldur er hún blönduð innan um efnið í púðanum. Hún er mjög lítil hluti heildarinnar, en gæta þarf þó við vinnsluna að moldarblandið fari í fláafleyga, en ekki í fyllingar.

Búið er að græða upp yfirborð púðans til að minnka fok. Gróðurpekja er líklega um 30-50% að meðaltali, en hlíðar púðans eru talsvert vel grónar. Sáð hefur verið harðgerum plöntum sem eiga auðvelt með að taka sér bólfestu og binda sandinn og siltið á yfirborðinu, s.s. gras og melgresi, en íslenskar plöntur hafa einnig byrjað að koma sér fyrir.

Vinnsla og frágangur

Dýpi efnistöku samsvarar þykkt púðans, eða um 5 m. Svarðlag á yfirborði er ekkert að telja, en rótum og gróðri (efstu 0,1 m eða svo) þyrfti að ýta til hlíðar áður en efnistaka hæfist. Áhersla var lögð á það af hendi forsvarsmanna Norðurár að láta núverandi uppgræddar úthlíðar halda sér, en taka efni innan úr púðanum, í von um að minnka fok. Verði núverandi hlíðar fjarlægðar til að nýta í vegaf framkvæmdirnar væri ákjósanlegt að fjarlægja þær síðast til að skapa skjól meðan á efnistöku stendur. Gera þarf þá ráð fyrir græða þurfi upp nýjar hlíðar sem myndast á púðanum. Forsvarsmenn Norðurár lögðu einnig fram þá ósk að farið yrði inn í púðann um austasta horn hans.

Enginn slóði sem slíkur liggur að efnistökusvæðinu. Ef reiknað er með að heimreið að urðunarstaðnum myndi einnig þjóna sem námuvegur, og að farið yrði inn í púðann um austasta hornið, yrði fjarlægð frá stöð 4340 á nýjum Þverárfjallsvegi tæpur kílómetri.

Samráð skal haft við forsvarsmenn Norðurár bs. um vinnslu og frágang svæðisins.

Verndargildi

Um er að ræða manngert landform úr efni sem búið er að færa úr stað. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að efnið verði nýtt við vegframkvæmdirnar. Verndargildi er því mjög lágt (5. verndarflokkur Vegagerðarinnar).

2.5 Náma E – burðarlag og klæðing



Mynd 6 – Náma E: Neðri-Mýrar (21369)

Tafla 6	Náma E
Jarðmyndun	Klökk
Staða efnistöku	Gömul
Jörð	Neðri-Mýrar
Námurétthafi	Steyrustöð Skagafjarðar
Nýting	Burðarlag og klæðing
Veglína	73 og 74
Flatarmál	25.000 m ²
Vinnslumagn	27.000 m ³
Vinnsludýpi	6-8 m
Frágangur	Enginn – náma í notkun
Gróðurlendi	Gras
Þekja	100%
Svarðlag	1,5-2,5 m
Sáning	Nei
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Já
Náttúruvernd	Nei

Náman E er storkubergsnáma við Neðri-Mýrar í minni Laxárdals. Náman er staðsett rúmlega 1,1 km frá útboðsenda nýs Þverárfjallsvegar við stöð 8500 og liggur fast upp við veginn, enda útvíkkuð skering.

Klökkinn er úr þóleiti og er sprungin að ofan. Tekin hafa verið sýni reglulega frá því vinnsla hófst í námunni og fylgja rannsóknaniðurstöður, gryfjúlýsingar og -súlur frá árinu 2002-2017 í viðauka 2.

Steyrustöð Skagafjarðar er námurétthafi og hefur staðfest að geta útvegað það magn sem þarf fyrir burðarlag og klæðingu veganna úr námunni, alls um 27.000 m³.


Vinnsla og frágangur

Efnistaka verður í framhaldi af núverandi stálvegg sem er 6-8 m að hæð. Tiltölulega stöðug vinnsla á sér stað í námunni og kemur hún því til með að standa opin eftir að vinnsla lýkur.

Verndargildi

Svæðið telst hafa meðal verndargildi (fellur undir 3. verndarflokk Vegagerðarinnar) þar sem hún blasir við frá Þverárfjallsvegi. Náman er inni á Aðalskipulagi Blönduósþæjar 2010-2030.

2.6 Náma F – styrktarlag, fylling og fláafleygar



Mynd 7 – Náma F: Kollugerðistjörn.

Tafla 7	Náma F
Jarðmyndun	Jökuláreyri
Staða efnistöku	Ný
Jörð	Syðri-Hóll
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Styrktarlag, fylling og fláafleygar
Veglína	74
Flatarmál	18.000 m ²
Vinnslumagn	40.000 m ³
Vinnsludýpi	2-3 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Strá
Þekja	80%
Svarðlag	0,2-0,4 m
Sáning	Já
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei
Náttúruvernd	Nei

Hægra megin við veglínu á stöðvarbili 1050-1250 er sjávarstöðuhjalli með jökulárseti. Yfirborð hans er í 60-61 m h.y.s., en hann stendur um 3 m upp yfir umhverfi sitt til suðurs og vesturs. Melurinn er tiltölulega sléttur og hefur verið ræktaður upp með áburði og heydreifingu og er yfirborð nokkuð vel vaxið stráum þó svarðlag sé ekki þykkt. Náman er fast upp við núverandi veg og myndi taka við af skeringu hægra megin vegar.

Grafnar voru tvær gryfjur í skeringar í hjallann beggja vegna veglínu, og síðan bætt við fjórum gryfjum til austurs. Efni í námunni er sandur, möl og steinar. Eitthvað var um silt efst í nokkrum gryfjanna, en það er óverulegt. Í þremur gryfjum var nokkuð af grófri möl. Efni í námunni er ætlað í neðri hluta styrktarlags, fyllingu og fláafleyga. Nýta þyrfti besta efnið í styrktarlag samkvæmt efniskröfum. Niðurstöður rannsókna, gryfjulýsingar og -súlur fylgja í viðauka 2. Afmarkað svæði sem ætlað er til efnistöku er um 18.000 m².

Vinnsla og frágangur


Efnistaka yrði útvíkkun á skeringu í hjalla hægra megin veglínu. Hjallinn yrði þar lækkaður niður að næsta umhverfi sínu til suðurs, eða um 2-3 m. Ofanafýting er 0,2-0,4 m af yfirborði. Frágangur skal taka mið af landformum og gróðri á svæðinu og vera unninn í samráði við eftirlit og jarðfræðing Vegagerðarinnar. Flái niður í námu af hjallanum mætti vera 1:2.

Verndargildi

Jarðmyndunin sem slík nýtur engar sérstakrar verndar, en þar sem efnistakan yrði vel sýnileg frá vegi telst hún hafa meðal verndargildi (3. verndarflokkur Vegagerðarinnar). Sjónræn áhrif ættu þó að vera hverfandi þegar frágangi er lokið.

Vert er að nefna að útvíkkun skeringarinnar með þessum hætti gæti minnkað hættu á snjósöfnun á veginum og því verið til mikilla bóta.

2.7 Náma G – fylling og fláafleygar



Mynd 8 – Náma G: Höskuldsstaðir.

Tafla 8	Náma G
Jarðmyndun	Malarhjalli
Staða efnistöku	Ný
Jörð	Höskuldsstaðir
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Fylling og fláafleygar
Veglína	74
Flatarmál	9.000 m ²
Vinnslumagn	25.000 m ³
Vinnsludýpi	3-5 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Rýr melagróður
Þekja	5%
Svarðlag	0,1-0,3 m
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei
Náttúruvernd	Nei

Náma G er vestan veglínu á stöðvarbili 1900-2200. Náman yrði í fornan malarhjalla sem er sorfinn í boga. Grafnar voru fimm gryfjur í og við námuna. Niðurstöður rannsókna, gryfjulýsingar og -súlur fylgja í viðauka 2. Efnið er að stærstum hluta sandur með smávegis af mól og steinum og nýttist í fyllingar og fláafleyga.

Hjallinn stendur í 59 m h.y.s. og nær um 5 m upp yfir umhverfi sitt. Yfirborð er slétt en hækkar aðeins til móts við stöð 2050. Gróður er mjög rýr, eða aðeins um 5% þekja af stráum og öðrum melagróðri.

Slóðar liggja bæði neðan við hjallann og eftir brún hans. Færa þyrfti girðingar fyrir námutökuna. Léleg girðing liggur í norðaustur-suðvestur gegnum námuna, en girðing sem heldur nautgripum liggur í norður-suður eftir brún hjallans. Afmarkað svæði sem ætlað er til efnistöku er um 9.000 m².

Vinnsla og frágangur

Hornið á hjallanum yrði tekið niður um 3-5 m, þannig að hann yrði lækkaður niður að umhverfinu sem liggur vestan megin við hjallann. Ofanafýting er lítil ofan á hjallanum, eða 0,1-0,3 m, en er líklega mun meiri í hlíð hans, sem er vel gróin. Gengið yrði frá námunni þannig að aflíðandi brún hjallans myndi halda sér og mjúkum formum hans fylgt. Frágangur yrði í samráði við eftirlit og jarðfræðing Vegagerðarinnar. Flái niður í námu af hjallanum mætti vera 1:2.

Verndargildi

Ekki ætti að bera mikið á efnistökunni og jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar. Svæðið flokkast því með lágt verndargildi (4. verndarflokkur Vegagerðarinnar).

3 Jarðtæknirannsóknir – veglína og skeringar

Grafið var í veglínur og tengingar Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur, sem og skeringar. Efnismagn úr skeringum vegna framkvæmdanna í heild er áætlað 131.000 m³. 32.300 m³ koma úr skeringum vegna Þverárfjallsvegur og 98.400 m³ úr skeringum vegna Skagastrandarvegur.

Allar niðurstöður rannsókna, gryfjulýsingar og -súlur úr gryfjum í veglínunum og skeringum eru í viðauka 3. Þá eru yfirlitsmyndir með staðsetningum gryfja í viðauka 6. Sigspá fyrir mýrar sem Þverárfjallsvegur og tenging við Refasveitarveg liggja um gerir alls ráð fyrir 10.319 m³ heildarsigi. Sigspá fylgir greinargerðinni í viðauka 4.

Hér á eftir er farið yfir skeringar og jarðtæknirannsóknir fyrir hvora veglínu fyrir sig. Við lýsingar er lengdarkerfi (stöðvum) veggönnunar fylgt. Í lýsingunni er notað orðalagið hægra og vinstra megin við veglínu, sem á við þegar horft er eftir veglínunni til hækkandi stöðvamerkingar.

Í sjálfu vegstæðinu er að finna jökulárset og jökulruðning (bæði þveginn og óþveginn). Veglínan fer aðeins yfir klöpp í farvegi Laxár.

Greinargerð um jarðfræði og jarðmyndanir á svæðinu, sem unnin var samhliða þessari greinargerð, tekur nánar til þeirra þátta.

3.1 Þverárfjallsvegur og tengingar

Veglína nýs Þverárfjallsvegur tengist Hringvegi, Þjóðvegi 1, innan við kílómetra norðaustan frá Blönduósi og liggur þaðan eftir Refasveitinni endilangri og upp með Laxá þar sem hún sameinast hinum eldri Þverárfjallsvegi (744) við mynni Laxárdals, gegnt Njálstöðum.

3.1.1 Skeringar

Á fyrirhugaðri veglínu Þverárfjallsvegur verða skeringar alls 32.300 m³. Skeringar sem nema meira en 1000 m³ eru sundurliðaðar í töflu 2, ásamt efnismagni og áætlun um notkun.

Mjög lítið er um skeringar á suðurhelmingi Þverárfjallsvegur og er heildarmagn skeringa frá upphafi veglínu og að stöð 4600 einungis um 2.500 m³. Skeringar við Þverárfjallsveg eru því að lang mestu leyti á norðurhluta hans, eða um 29.800 m³, á stöðvarbili 4600-8500. Skeringarefni er mold, sandur, mól og silt og nýtist í fyllingar og fláafleyga, en efni úr skeringu á stöðvarbili 5900-6140 kemur að hluta einnig til með að nýtast í neðri hluta styrktarlags.


Tafla 2 - Sundurliðað magn efnis í skeringum við Þverárfjallsveg. Skeringar með minna efni en 1000 m³ falla undir Aðrar skeringar.

Þverárfjallsvegur skeringar	Stöðvarbil	Áætluð notkun	Magn (m ³)
	4600-4800	Fyllingar og fláafleygar	4.300
	5900-6140	Styrktarlág, fylling og fláafleygar	11.300
	6660-6940	Fyllingar og fláafleygar	5.900
	7940-8500	Fyllingar og fláafleygar	7.600
	Aðrar skeringar	Fyllingar og fláafleygar	3.200
		ALLS:	32.300

3.1.2 Veglína

Í byrjun, á stöðvarbili 0-660, liggur veglínan um heldur slétt svæði - fornar jökuláreyrar sem forveri Blöndu myndaði við hærri sjávarstöðu. Tvær gryfjur voru grafnar í veglínuna, en þar að auki voru fimm gryfjur grafnar vestan við veglínuna á fyrirhuguðu efnistökusvæði við námu A, vestan við stöð 600 (sjá mynd 9). Um er að ræða sand og möl.

Á vegkaflanum á stöðvarbili 660-1240 hækkar veglínan þar sem hún liggur utan í hlíð undir fornri strandlínu og eftir endilöngu mýrlendi sem nær yfir um 70.000 m² svæði. Þar undir er klöpp hulin 1,2-4 m þykkum mó. Sums staðar er jökulruðningur eða silt/leir milli klapparyfirborðs og mós. Hér var grafið mjög þétt eða alls teknar sautján gryfjur í veglínu og ein gryfja í nýja tengingu við veg 741, sem liggur vestan veglínuna og niður að Blönduósi, í stöð 50. Fimm sýni voru send í rakastigs- og glæðitapsmælingu. Út frá þeim niðurstöðum var sig áætlað 5.850 m³ á vegkaflanum (sjá sigspá í viðauka 4). Heimamenn segja að snjór safnist fyrir þarna, hlémegin undan hæðinni, neðan við strandhjalla sem liggur þarna ofan við.



Mynd 9 – Yfirlitsmynd yfir gryfjur á stöðvarbilum 0-660, 660-1240 og 1240-1500. Deiglendiskafli er merktur með grænum útlínunum.

Á stöðvarbili 1240-1500 liggur veglínan yfir forna strandlínu sem myndar hjalla sem liggur í norðvestur-suðausturstefnu efst í hlíðinni. Ein gryfja var tekin í hjallann. Í honum skiptast á siltlinsur og malarlög með sandi.


Frá stöð 1500 og allt að stöð 4180 liggur veglínan um nokkuð víðáttumikla sléttu í 60-70 m h.y.s. Einstaka grettistökin sjást á yfirborðinu og stendur eitt þeirra um 90 m vinstra megin við miðlínu í stöð 2250. Teknar voru átta gryfjur í veglínu og skeringar á þessum vegkafla. Þar að auki var ein gryfja tekin í stöð 300 í nýja heimreið að Bakkakoti (sjá mynd 10). Gryfjurnar eru allar mjög svipaðar. Undir moldinni er silt og jökulruðningur en þar undir tekur við möl og sandur.

Á stöðvarbili 4180-4990 er landið mishæðóttara. Veglínan liggur þá ýmist yfir norðurenda sléttunnar, jaðar dauðislandslags með jökulruðningi eða malar/sandefni sett út af jökulá.


Dauðísvötn liggja hér sitthvoru megin við veglínuna í kringum stöð 4350. Á vegkaflanum var grafið á sjö stöðum, bæði í veglínu og skeringar (sjá yfirlitsmynd 11). Ein gryfja var einnig tekin í tengingu við Neðribyggðarveg, sem heimreið að Svangrund tengist einnig, í stöð 200. Þar að auki var grafið nokkuð umhverfis þennan vegkafla í efnisleit. Sex gryfjur voru grafnar austan við stöð 4200 þar sem náma B er staðsett, tvær gryfjur voru teknar í brún rúmlega 5 m hás hjalla rétt vestan við stöð 4810 í framhaldi af skeringu, tvær gryfjur voru grafnar í hjalla nokkurn spöl vestan við stöð 5000 og loks voru grafnar sjö gryfjur austan við stöð ca. 4900 þar sem náma C er staðsett.

Frá stöð 4990 og allt að stöð 7700 liggur veglínan eftir víðáttumiklum fornum jökuláreyrum forvera Laxár og Blöndu (sjá myndir 12 og 13), sem gryfjur sýna að samanstanda af möl og sandi sem að hluta er silthúðað eða með siltlinsum. Á stöðvarbili 6400-7050 fer veglínan um þrjá vel gróna farvegi sem rofist hafa dýpra í eyrarar. Syðsti állinn, sem liggur á stöðvarbili 6400-6470, er deigur í botninn á um 20 m kafla. Þar er mór um 0,9-1,6 m þykkur og lítill lækur seytlar um hann í stöð 6420 á mól. Áætlað sig er 2.470 m³. Miðjuállinn (Votihvammur) liggur á stöðvarbili 6700-6780. Hann er mjög deigur og mórinn 2,3-3,2 m þykkur. Áætlað sig er 632 m³ (vegþykkt áætluð). Nyrsti állinn liggur á stöðvarbili 6930-7020. Hann er vel gróinn en ekki deigur. Lækur rennur eftir honum í stöð 6945. Þar er 1,15 m moldarlag á yfirborði. Í þessum

þremur álum er komið dýpra í setbunkann en annarsstaðar á jökuláreyrunum, og neðan við móinn og moldina var komið niður á jökulruðning. Alls voru grafnar fjórtán gryfjur í veglínu og skeringar á þessum vegkafla. Fimm gryfjur voru grafnar á kaflanum sem nær frá stöð 4995, þar sem komið er niður á þessa fornu sanda, og að áluum, en níu gryfjur voru teknar í og milli álanna. Fjögur sýni úr miðjuálnum með þykkasta mólum voru send í raka- og



Mynd 10 – Yfirlitsmynd yfir gryfjur á stöðvarbili 1500-4180.



Mynd 13 – Yfirlitsmynd yfir gryfjur á stöðvarbili 7000-8500. Deiglendiskaflar eru merktir með grænum útlínunum.

3.2 Skagastrandarvegur og tengingar

Veglína nýs Skagastrandarvegar tengist nýrri veglínu Þverárfjallsvegar í stöð 7380 á suðurbakka Laxár. Þaðan liggur hún yfir Laxá, um 800 m neðan við núverandi brúarstæði. Veglínan fer upp aflíðandi norðurbakkann, sveigir vestur fyrir Kollugerðistjörn og sameinast loks núverandi Skagastrandarvegi (74-02) norðan við Höskuldsstaði.

3.2.1 Skeringar

Á fyrirhugaðri veglínu Skagastrandarvegar verða töluverðar skeringar eða alls um 98.400 m³. Skeringar sem nema meira en 1000 m³ eru sundurliðaðar í töflu 3, ásamt efnismagni og áætlun um notkun.

Efnismesta skeringin á Skagastrandarvegi nemur 85.600 m³. Hún er í hjallann sem myndar suðurbakka Laxár, þar sem veglínan lækkar niður að nýju brúarstæði. Skeringin hægra megin veglínunnar kemur til með að ná allt að núverandi Laxárnámu sem er á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030. Um er að ræða fornar jökuláreyrar forvera Laxár og Blöndu og samanstandur efnið að mestu úr möl og sandi. Skeringarefnið kemur til með að nýtast í efri og neðri hluta styrktarlags, fyllingar og fláafleyga, bæði fyrir Skagastrandarveg og Þverárfjallsveg.


Aðrar skeringar við Skagastrandarveg koma til með að nýtast í fyllingar og fláafleyga við veginn.

Tafla 3 - Sundurliðað magn efnis í skeringum við Skagastrandarveg. Skeringar með minna efni en 1000 m³ falla undir Aðrar skeringar.


	Stöðvarbil	Áætluð notkun	Magn (m ³)
Skagastrandarvegur skeringar	80-440	Styrktarlag, fyllingar og fláafleygar (fyrir Skagastranda- og Þverárfjallsveg)	85.600
	600-800	Fyllingar og fláafleygar	2.200
	1140-1320	Fyllingar og fláafleygar	3.900
	1980-2100	Fyllingar og fláafleygar	3.900
	2900-3300	Fyllingar og fláafleygar	2.500
	Aðrar skeringar	Fyllingar og fláafleygar	300
		ALLS:	98.400

3.2.2 Veglína

Á stöðvarbili 0-380 liggur veglínan frá Þverárfjallsvegi til norðurs eftir fornum jökuláreyrum forvera Laxár. Rétt austan veglínunnar við stöð 350 er Laxárnáma sem er á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030. Nokkuð var grafið í hana 2003 og lenda fjórar af þeim gryfjum innan skeringar eða rétt utan skeringar hægra megin veglínu. Grafnar voru þrjár gryfjur í skeringu vinstra megin 2018. Um er að ræða sand og möl með einstaka siltlinsum. Í námubotni Laxárnámu stendur á nokkrum stöðum uppi vatn og komið var niður á vatnsborð í gryfju í stöð 260 á skeringarsvæði vinstra megin vegar á 4,8 m dýpi. Þar er skering áætluð 5,5 m djúp. Engar aðrar gryfjur komu niður á vatnsborð, en áður nefndar gryfjur sem grafnar hafa verið á svæðinu eru á bilinu 4,2-5,7 m djúpar. Skeringar við veglínuna eru talsvert dýpri og dýpka í



Mynd 14 - Yfirlitsmynd yfir gryfjur á stöðvarbilum 0-380, 380-700 og 700-1140.



Mynd 15 - Yfirlitsmynd yfir gryfjur á stöðvarbili 1140-2400.

áttina að gilbarminum og verða mest um 11,5 m. Gera má því ráð fyrir að skeringar nái niður fyrir vatnsborð.

Við stöð 390 er komið að gilbarmi Laxár. Nokkuð bratt er niður að ánni og vel gróið en nokkuð deigt. Boruð var 21 borhola á suðurbakkanum og er fjallað nánar um gilið og holurnar í kafla 3.2.3. Efsti hluti gilsins er set en svo er komið niður á bólstraberg og móberg. Áin hefur grafið sig niður í bergið og rennur á því á stöðvarbili ca. 470-495.

Frá stöð 500 er komið yfir á norðurbakkann. Landinu norðan Laxár hallar aflíðandi í nokkrum stöllum upp frá ánni allt að stöð 700. Á þessum kafla var grafin ein gryfja. Þar kom fram jökulárset, möl og sandur, en silt þar undir. Á norðurbakka Laxár voru boraðar 13 holur upp að stöð ca. 545 og er fjallað nánar um þær og bakkann í kafla 3.2.3.

Á stöðvarbili 700-1140 liggur veglínan um enn frekari jökuláreyrar forvera Laxár sem hafa verið rofnar niður í tvo misháa stalla við lækkun sjávaryfirborðs. Grafnar voru tvær gryfjur í skeringar á þessu stöðvarbili og sýna þær jökulárset, sand og möl, en þétt silt þar undir. Vatn kemur fram á lagmótunum malar/sands og silts, en þau voru neðan skeringadýptar.

Á stöðvarbili 1140-3300 liggur veglínan fyrst um sinn upp á, og til norðurs eftir, fornum jökuláreyrum, sjávarstöðuhjalla. Grafnar voru fimm gryfjur í skeringar við veglínu á þessu stöðvarbili auk þess sem grafið var í efnisleit. Fjórar gryfjur voru grafnar í námu F í framhaldi af skeringu þar sem farið er upp á hjallann fremst á vegkaflanum, hægra megin við stöð 1250. Um er að ræða sand, möl og einhverjar siltlinsur. Mölin er misgróf. Við stöð 2000 voru grafnar fimm gryfjur vestan veglínu í brún hjallans í efnisleit þar sem náma G er staðsett. Þar samanstendur hjallinn að stærstum hluta úr sandi.

3.2.3 Boranir í brúarstæði Laxár

Boraðar voru 25 borholur í brúarstæði Laxár 20. og 21. ágúst 2018 með borvagni Vegagerðarinnar. Staðsetningar holanna má sjá á mynd 16.

Í töflu 4 koma fram hæðir yfirborðs, þar sem borholurnar voru teknar, ásamt dýpi niður á klöpp. Hæðir á yfirborði eru fengnar eftir hæðarmódeli sem unnið var úr lágflugsmyndum frá sumrinu 2018. Staðsetningatækið sem notað var til að hnita inn staðsetningu borholanna var að ná um 0,7 m nákvæmni að meðaltali í gílinu. Skekkjur gætu komið fram af þessum sökum.

Tölvuna vantaði í borvagninn í holum LB1-LB10 og eru borloggar úr þeirri tölvu því aðeins tiltækir fyrir holur LB11-LB25. Þá voru holur LB1-LB8 teknar með loftbor (farið niður að klöpp) en holur LB9-LB25 boraðar með bergbor (farið ofan í klöpp). Í viðauka 3 eru borholulýsingar úr jarðtæknikerfi Vegagerðarinnar ásamt loggum úr tölvu borvagns.



Mynd 16 - Staðsetning 25 borhola í brúarstæði við Laxá. Yfirlitsmynd yfir brúarstæðið í vinstra horni

Syðri bakkanum hallar talsvert niður að ánni. Hann er að stærstum hluta vel gróinn grasi og þýfður. Bleyta kemur fram á nokkrum stöðum í hlíðinni sem er öll frekar deig. Næst ánni er aukinn bratti niður þangað sem sér í berg. Ekki var komist að öllum fyrirfram áætluðum borholum vegna halla lands eða bleytu.

Holur LB3, 6, 8 og 9 eru í drullugum/votum pytti. Einnig er blautt svæði ofan við holu LB12.

Alveg við ána sunnan megin sér í klöpp en engir punktar lentu beint á henni. Klappir sjást við yfirborð hærra í gilinu vestan og austan við veglínu.

Áður en veglínun kemur að gilinu liggur hún yfir fornar jökuláreyrar forvera Laxár og Blöndu sem mynda nokkuð víðáttumikla mela. Efsti hluti gilsins (sunnan Laxár) samanstendur því úr mól og sandi, en lagmót virðast vera nokkrum metrum neðar í hlíðinni. Þar kemur fram bleyta vinstra megin (vestan) við veglínuna með mosa. Innar á melnum, ofan við gilið (sjá mynd 14), var gryfja nr. 169-18 grafin í skeringu um 30 m vinstra megin við stöð 380. Í henni sást mól og sandur niður á 4,05 m dýpi, en sandur með siltlögum niður á 5,7 m. Svipaða sögu er að segja af öðrum gryfjum innar á melunum. Í gryfju 167-18, rétt vinstra megin við stöð 260, var vatnsborð í gryfju á 4,8 m dýpi en ekki kom fram vatn í öðrum gryfjum við ána.

Líklegast liggur jökulruðningur eða silt víðast alveg við klöppina, en bergið sem um ræðir í brúarstæðinu er bólstraberg og móberg með bólstrabergsbrotum, sjá mynd 22.

Fyrirfram gefnir rannsóknarþingpunktar norðan ár voru allir aðgengilegir. Áin rennur á klöpp, og norðan ár lenda neðstu holurnar beint á henni, eða að þunnt mosaskæni rétt hylur hana.


Hola LB14 stendur yst á um 1,9 m háum bergstalli og LB15 stendur í slakka niður af honum, sjá mynd 21. Gera ætti ráð fyrir að fleyga niður eða sprengja burt þennan stall.

Frá stöð 520 er veglínun að koma inn á mela. Þá er moldarblandað malarefni á yfirborði áður en komið er niður á klöppina (holur LB19-21). Í holum LB22-25 er mól og grjót ofan á berginu.


Tafla 4 - Hnit borhola, hæðir yfirborðs og dýpi á klöpp.

	Hola	Hnit	Hæð	Dýpi á fasta klöpp (m)	Annað
Suðurbakki Laxár	LB1-18	443626.987,581198.721	46.32	4	
	LB2-18	443623.118,581201.116	45.40	4	
	LB3-18	443618.741,581217.511	40.10	2,25	
	LB4-18	443609.554,581223.926	39.12	0,68	
	LB5-18	443605.762,581213.315	41.80	2,2	
	LB6-18	443608.788,581211.348	41.10	3,2	
	LB7-18	443618.933,581195.987	46.00	2,87	
	LB8-18	443614.518,581214.080	41.70	1,8	
	LB9-18	443615.559,581215.143	41.60	1	Hér kom veikara lag fram aðeins neðar
	LB10-18	443609.912,581223.586	39.25	0,7	Hér kom veikara lag fram aðeins neðar (hörð klöpp á 2,25 m)
	LB11-18	443622.170,581199.126	45.70	3,8	
	LB12-18	443619.903,581192.502	46.80	3,7	
Norðurbakki Laxár	LB13-18	443585.042,581263.274	36.17	0,04	Smá mosaskæni ofan á klöpp
	LB14-18	443581.033,581261.980	37.31	0	Holan stendur yst á um 1,9 m háum bergstalli - fleyga/sprengja/grafa *
	LB15-18	443577.654,581259.838	36.67	0	Holan stendur í halla niður af sama bergstalli*
	LB16-18	443582.510,581265.860	37.52	0,1	Smá mosaskæni ofan á klöpp
	LB17-18	443579.426,581264.514	37.82	0,05	Smá mosaskæni ofan á klöpp
	LB18-18	443576.370,581262.101	37.55	0,5	
	LB19-18	443569.527,581272.742	39.76	0,4	
	LB20-18	443576.592,581276.745	38.79	1,1	
	LB21-18	443573.001,581274.648	39.48	0,4	
	LB22-18	443566.818,581289.866	42.36	0,9	
	LB23-18	443561.735,581286.797	43.24	1,8	
	LB24-18	443556.581,581290.779	43.61	1,7	
	LB25-18	443564.907,581296.750	43.33	0,8	

* Sjá myndir af staðsetningu holanna á myndum hér á eftir.



Mynd 17 - Brúarstæðið. Staðið í veglínu á efri mel norðan Laxár og horft til suðurs yfir ána og yfir tilvonandi brúarstæði. Lagmót virðast vera þar sem djúamosinn kemur fram í hlíðinni, vinstra megin við veglínu.





Mynd 18 - Brúarstæðið. Staðið í veglínu yst á hjallanum sunnan Laxár og horft til norðurs yfir ána yfir tilvonandi brúarstæði. Borinn stendur við holu LB8.



Mynd 19 - Brúarstæðið. Staðið í veglínu neðst á norðurbakka og horft yfir Laxá upp suðurbakkann.



Mynd 20 - Brúarstæðið. Staðið í veglínu neðst á suðurbakka og horft yfir á norðurbakkann.



Mynd 21 - Bergstallur sem holur LB14 og 15 lenda á. Borinn er staðsettur við holu LB13. Á efri myndinni er horft til vesturs á stallinn, en til norðurs (áfram veglínu) á þeirri neðri.



Mynd 22 - Bergið í brúarstæðinu – kubbaberg á efri myndinni en bólstrabrotabreksía á þeirri neðri.



Mynd 23 - Horft þvert á brúarstæðið til vesturs.

Viðauki 1 – Heimildir

Efla 2009. Sölvabakki Blönduósbæ - urðunarstaður og efnistaka. Mat á umhverfisáhrifum. *Frummatsskýrsla*. 152 bls.

Hreinn Haraldsson 1975. Um laus jarðlög umhverfis Blönduós. Vegagerð ríkisins, 6 bls.

Landmótun sf. 2010. Blönduósbær. *Aðalskipulag 2010-2030*. Greinargerð.

Moriwaki H. 1990. Late- and postglacial shoreline displacement and glaciation in and around the Skagi peninsula, northern Iceland. *Geographical reports of Tokyo Metropolitan University* 25. 81-96.

Þórólfur H. Hafstað 1976. Blönduós. Neysluvatnsathugun. Orkustofnun OSJKD7610, 13 bls.

Viðauki 2 – Námur: Rannsóknir, gryfjulýsingar og -súlur


Náma A – Ennisnáma

Gryfjulýsing
Ennisnáma (19455) - gryfjur 7.8.2018


100'18		
0,00 - 0,70	Mold	Mold
0,70 - 1,50	Möl	Möl og sandur. <150 mm mól um 80% í sandgrunni.
1,50 - 2,20	Möl	Möl og sandur. Mól <100 mm um 70%.
2,20 - 2,30	Möl	Fínmalarlinsa, <30 mm.
2,30 - 2,80	Möl	Möl og sandur. Mól <60 mm um 60% í sandgrunni. Nokkrir 100-150 mm steinar.
2,80 - 4,00	Sandur	Grófur sandur og fín mól <30 mm. Siltinsur í.
3,60	Vatnsborð í gryfju	Vatnsborð
Heildardýpi: 4,00	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt vegna vatns.
101'18		
0,00 - 0,15	Mold	Mold
0,15 - 0,80	Sandur	Sandur með einhverri fín mól í <30 mm.
0,80 - 1,10	Möl	Sandur um 60% en í honum mól 30-40% og nokkuð um 150 mm steina.
1,10 - 2,60	Möl	Mól <100 mm (10-40%) og sandur (50-60%). Einhverjar hreinni malarlinsur í laginu.
2,60 - 3,20	Sandur	Sandur með eitthvað af <50 mm mól (ca. 20% kannski).
3,10	Vatnsborð í gryfju	Vatnsborð
Heildardýpi: 3,20	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt vegna vatns.
102'18		
0,00 - 0,30	Mold	Mold
0,30 - 0,80	Möl	Mól <100 mm um 90% og smá sandur í grunni
0,80 - 1,10	Möl	Um 60% <150 mm mól í sandgrunni. 100-150 mm steinar um 20%.
1,10 - 1,20	Sandur	Sandlinsa.
1,20 - 1,50	Möl	Fínmalarlinsa <30 mm. Smá sandur með.
1,50 - 3,50	Möl	Mól og sandur. <100 mm algengast og talsvert mikill sandur, 60-70%.
3,30	Vatnsborð í gryfju	Sand/malarrikari linsur inni á milli.
Heildardýpi: 3,50	Hætt: Aðrar ástæður	Vatnsborð Hætt vegna vatns.
103'18		
0,00 - 0,40	Mold	Mold
0,40 - 0,90	Möl	Mól með smá sandi. Allt <100 mm og nokkuð jöfn hlutföll milli stærða.
0,90 - 1,15	Möl	Hrein mól. Fín mól og upp í 7 mm.
1,15 - 1,50	Möl	Mól og sandur. <100 mm allt í bland.
1,50 - 2,00	Sandur	Sandlinsa. Sandur og alveg niður í siltstærð.
2,00 - 2,20	Möl	Sandrík mól. <50 mm algengast en eitthvað alveg upp í 100 mm.
2,20 - 2,30	Sandur	Sandlinsa.
2,30 - 3,50	Möl	Mól og sandur <100 mm blandað.
3,20	Vatnsborð í gryfju	Vatnsborð
Heildardýpi: 3,50	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt vegna vatns.
104'18		
0,00 - 0,30	Mold	Mold
0,30 - 1,15	Möl	Mól og sandur. <100 mm um 80%. Eitthvað af 150 mm steinum. Sandur innan um.
1,15 - 1,90	Möl	Mól og sandur. <50 mm mól í um 40-50% sandi.
1,90 - 3,20	Sandur	Hreinn sandur.
2,75	Vatnsborð í gryfju	Vatnsborð.
Heildardýpi: 3,20	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt vegna vatns.

Gryfjusúlur

Ennisnáma (1945) - gryfjur 7.8.2018



Skýringar á táknum



Mold



Sandur





Möl







Vatnsborð í gryfju

? Hætt: Aðrar ástæður


 Nýsköpunarmiðstöð Íslands										Rannsókn nr. H18/184					
										Dags. 28.8.2018					
Rannsókn á kornadreifingu (skv. IST EN 933-1)										Framkv. af RS					
Fyrir: Vegagerðin Akureyri					Náma: Ennisnáma										
Vegna:					Sendandi: Erla Dóra Vogler										
Heildarþungi sigtaðs sýnis (g): 58680			Heildarþungi (<16mm) (g): 28400,0			Merking sýnis: 100									
Bakki (tara), (g): 497,1		Frátekið+bakki (g): 2004,6		Purrt +bakki (g): 1916,4		Votsigt. + bakki (g): 1868,9		Húmus, gr.:		Slamm, %:		Raki, % 6,2			
Möskv. Pyngd (g)	64	32	22,4	16	11,2	8	4	2	1	0,5	0,25	0,125	0,063	botn	
	7355	18140	23890	30280	331,1	535,6	738,1	847,2	962,6	1114,1	1279,4	1343,9	1371,5	1374,2	
Sáldur,%	87,1	68,2	58,1	46,9	36,0	29,2	22,5	18,9	15,1	10,1	4,6	2,5	1,6		
Athugasemdir: Votsigtæð - Allt sýnið var undir 102 mm; 94% af sýninu var undir 90 mm															
D₁₀ =		0,50 mm		D₃₀ =		8,38 mm		D₆₀ =		24,21 mm		C_u =		48,8	
												C_c =		5,8	
															

28.8.2018 - kk H18-184 Vegagerðin Akureyri.xlsx/haf

 Nýsköpunarmiðstöð Íslands										Rannsókn nr. H18/184				
										Dags. 28.8.2018				
Rannsókn á kornadreifingu (skv. IST EN 933-1)										Framkv. af RS				
Fyrir: Vegagerðin Akureyri					Náma: Ennisnáma									
Vegna:					Sendandi: Erla Dóra Vogler									
Heildarþungi sigtaðs sýnis (g): 58455			Heildarþungi (<16mm) (g): 38330,0			Merking sýnis: 101								
Bakki (tara), (g): 862,6		Frátekið+bakki (g): 2661,9		Purrt +bakki (g): 2541,2		Votsigt. + bakki (g): 2508,0		Húmus, gr.:		Slamm, %:		Raki, % 7,2		
Möskv. Pýngd (g)	64	32	22,4	16	11,2	8	4	2	1	0,5	0,25	0,125	0,063	botn
	3750	10885	15695	20125	221,7	384,7	602,7	752,3	981,2	1334,0	1573,7	1632,8	1649,3	1650,5
Sáldur, %	93,3	80,5	71,9	64,0	55,5	49,3	41,0	35,3	26,6	13,1	4,0	1,7	1,1	
Athugasemdir: Votsigtað - Allt sýnið var undir 127 mm; 96% af sýninu var undir 102 mm og 90 mm														
D₁₀ = 0,41 mm		D₃₀ = 1,39 mm		D₆₀ = 13,74 mm		C_u = 33,2		C_c = 0,3						
														

 Nýsköpunarmiðstöð Íslands											Rannsókn nr. H18/184			
											Dags. 28.8.2018			
Rannsókn á kornadreifingu (skv. IST EN 933-1)											Framkv. af RS			
Fyrir: Vegagerðin Akureyri						Náma: Ennisnáma								
Vegna:						Sendandi: Erla Dóra Vogler								
Heildarþungi sigtaðs sýnis (g): 61875				Heildarþungi (<16mm) (g): 35560,0				Merking sýnis: 102						
Bakki (tara), (g): 867,2		Frátekið+bakki (g): 2782,6		Purrt +bakki (g): 2625,0		Votsigt. + bakki (g): 2544,1		Húmus, gr.:		Slamm, %:		Raki, % 9,0		
Möskv. Pýngd (g)	64	32	22,4	16	11,2	8	4	2	1	0,5	0,25	0,125	0,063	botn
	5940	15715	21375	26315	170,9	308,0	527,5	711,1	1014,0	1339,8	1535,7	1620,6	1668,7	1677,8
Sáldur,%	89,9	73,3	63,7	55,4	50,0	45,7	38,7	33,0	23,4	13,2	7,0	4,3	2,8	
Athugasemdir: Votsigtað - Allt sýnið var undir 90 mm														
$D_{10} = 0,37 \text{ mm}$			$D_{30} = 1,69 \text{ mm}$			$D_{60} = 19,54 \text{ mm}$			$C_u = 52,6$			$C_c = 0,4$		
														

28.8.2018 - kk H18-184 Vegagerðin Akureyri.xlsx/haf

 Nýsköpunarmiðstöð Íslands <small>Keldnaholt, IS-112 Reykjavík, sími 522 9000, fax 522 9111</small>	Ranns. nr.: H18/184
	dags.: 28.8.2018
	frkv. af: RS

Los Angeles próf.
IST EN 1097-2:1998

Mannvirki:
Unnið fyrir : Vegagerðin Akureyri
Umbjóðandi: Erla Dóra Vogler

Náma: Ennisnáma - Gryfja 102

Þyngd sýnis 10 - 14 mm fyrir próf (g):	5000,5
Þyngd sýnis >1,60 mm eftir próf (g):	4076,3

LA = 18,5

Athugasemdir:


28.8.2018.LA H18-184 Vegagerðin Akureyri.xlsx/Haf.

Náma B – Syðri-Króklágar










Gryfjulýsing
Syðri-Króklágar (22842) - gryfjur 8.-9.8.2018

126'18			
0,00 - 0,36	Mold	Mold	
0,36 - 1,05	Sylti/leir	Grátt silt.	
1,05 - 1,50	Möl blönduð finefnum	Siltblönduð mól	
1,50 - 1,65	Möl	Möl (<100 mm) og sandur 10-20%.	
1,65 - 1,80	Möl	Möl (10-50 mm) og sandur um 70%.	
1,80 - 2,25	Sandur	Sandlinsa	
2,25 - 2,70	Möl	Sandur og mól <100 mm. Sandur um 50-60%.	
2,70 - 3,40	Stórgrýtt mól	Um 40% 100-300 mm steinar í sandi og mól.	
3,40 - 4,00	Möl	Sandur og fínmól.	
4,00 - 4,55	Möl	Möl 50-100 mm algengasta stærð. Allt að 200 mm steinar í.	
4,55 - 4,75	Möl	Möl og sandur. Flest <70 mm en nokkrir allt að 200 mm.	
4,75 - 5,20	Möl	20-30% 150-200 mm steinar í mól og sandi.	
Heildardýpi: 5,20	Hætt í sama efni	Hætt	
127'18			
0,00 - 0,50	Mold	Mold	
0,50 - 1,00	Möl blönduð finefnum	Silt og mól. 0-70 mm efni.	
1,00 - 2,30	Sandur	Sandur með þunnum malar og siltinsum.	
2,30 - 3,40	Stórgrýtt mól	Gróf mól, sandur og grettistökk 0,5-1 m (30-40% vegna stærðar). Grunnurinn samanstendur úr sandi og grófrí mól, þó <100 mm.	
3,40 - 4,05	Möl	Fínmalarlag með sandi. 10-50 mm um 70%.	
4,05 - 5,10	Möl	Möl og sandur með nokkru grjóti, allt að 300 mm. Silthúðað efni. Mól 20-70 mm 50-100%.	
Heildardýpi: 5,10	Hætt í sama efni	Hætt	
122'18			
0,00 - 0,66	Moldarblandað efni	Moldarbland. Nokkuð af steinum í.	
0,66 - 1,00	Sylti/leir	Pakkað silt með smá mól.	
1,00 - 1,30	Jökulruðningur	Silt og mól (um 30% <100 mm).	
1,30 - 2,00	Möl	Vöskuð mól og sandur. 20% 100-150 mm. Sandur um 30% á móti mölinni.	
2,00 - 2,20	Sandur	Gróft sandlag með smá fínmól. Siltinsur inni á milli.	
2,20 - 3,30	Möl	Steinaríkur sandur og mól með grárrí silthúð. 20-30% 100-200 mm. 5-10% 300-400 mm.	
Heildardýpi: 3,30	Hætt í sama efni	Hætt	
123'18			
0,00 - 0,80	Mold	Mold	
0,80 - 1,40	Sylti/leir	Silt (smá mól neðst í laginu).	
1,40 - 2,15	Möl	Sandur (um 50%) og mól <100 mm algengast.	
2,15 - 3,40	Stórgrýtt mól	Stórgrýti í sandi og mól (<100 mm). Líklega um 40% 0,4-2 m björg. Torgræft fyrir grjóti.	
3,40 - 4,00	Möl	Mól, sandur og númir 100-300 mm steinar (um 20-30%).	
Heildardýpi: 4,00	Hætt í sama efni	Hætt	
124'18			
0,00 - 0,50	Mold	Mold	
0,50 - 1,10	Sylti/leir	Silt (mól neðst í).	
1,10 - 1,95	Möl	Möl og sandur. Nokkrir 300 mm steinar. Annars 0-7 mm efni algengast.	
1,95 - 2,90	Stórgrýtt mól	Möl og sandur með grjóti. 0-100 mm efni algengast. Stórgrýti 0,4-0,8 m í malar/sandgrunninum. Grjótið er um 20% vegna stærðar.	
2,90 - 3,90	Stórgrýtt mól	Möl og sandur með grjóti. 0-100 mm grunnur og þar í 0,5-2 m björg (flest úr drasilbergi - grotið og holufyllt). Grjótið allt að 40% vegna stærðar.	
Heildardýpi: 3,90	Hætt: Mól/gróft efni	Torgræft. Björgin læst saman.	
125'18			
0,00 - 0,40	Mold	Mold	
0,40 - 0,70	Sylti/leir	Grátt og þétt silt. Mól neðst í siltinu.	
0,70 - 0,90	Möl	Malarlag af <70 mm efni. Einhver sandur í og silthúð á mölinni.	
0,90 - 1,30	Möl	Hrein malar- og sandlinsa. <70 mm efni.	
1,30 - 2,10	Stórgrýtt mól	Steinar, mól og sandur. Allt silthúðað. Algengasta steinastærð <100 mm.	
2,10 - 2,70	Annað efni	Sandurinn myndar grunn. Í þessu eru 0,7-1 m björg.	
Heildardýpi: 2,70	Hætt: Mól/gróft efni	Vöskuð fínmól og sandur <40 mm efni. Hætt á grettistaki, a.m.k. 1,5 m í þvermál.	


Gryfjusúlur Syðri-Króklágar (22842) - gryfjur 8.-9.8.2018







Skýringar á táknum

	Mold		Möl
	Stórgrýtt möl		Möl blönduð finefnum
	Sandur		Sylti/leir
	Jökulruðningur		Annað efni
	Moldarblandað efni		



  Hætt: Möl/gróft efni


 Hætt í sama efni

 Nýsköpunarmiðstöð Íslands										Rannsókn nr. H18/184				
										Dags. 28.8.2018				
Rannsókn á kornadreifingu (skv. IST EN 933-1)										Framkv. af RS				
Fyrir: Vegagerðin Akureyri					Náma: Syðri –Króklágar									
Vegna:					Sendandi: Erla Dóra Vogler									
Heildarþungi sigtaðs sýnis (g): 47280				Heildarþungi (<16mm) (g): 28750,0				Merking sýnis: 122						
Bakki (tara), (g): 858,9		Frátekið+bakki (g): 2519,0		Purrt +bakki (g): 2374,3		Votsigt. + bakki (g): 2148,7		Húmus, gr.:		Slamm, %:		Raki, % 9,5		
Möskv. Pyngd (g)	64	32	22,4	16	11,2	8	4	2	1	0,5	0,25	0,125	0,063	botn
	5485	11820	14655	18530	142,4	285,4	533,9	729,8	931,9	1087,0	1162,7	1212,9	1273,4	1289,1
Sáldur,%	87,7	73,6	67,3	58,6	53,1	47,6	38,0	30,4	22,6	16,6	13,6	11,7	9,4	
Athugasemdir: Votsigtað - Allt sýnið var undir 90 mm														
D₁₀ =		0,08 mm		D₃₀ =		1,95 mm		D₆₀ =		17,02 mm		C_u =		212,9
												C_c =		2,8
														

 Nýsköpunarmiðstöð Íslands										Rannsókn nr. H18/184				
										Dags. 28.8.2018				
Rannsókn á kornadreifingu (skv. IST EN 933-1)										Framkv. af RS				
Fyrir: Vegagerðin Akureyri					Náma: Syðri –Króklágar									
Vegna:					Sendandi: Erla Dóra Vogler									
Heildarþungi sigtaðs sýnis (g): 51820			Heildarþungi (<16mm) (g): 31660,0			Merking sýnis: 124								
Bakki (tara), (g): 498,4		Frátekið+bakki (g): 2605,8		Purrt +bakki (g): 2451,1		Votsigt. + bakki (g): 2257,3		Húmus, gr.:		Slamm, %:		Raki, % 7,9		
Möskv. Pýngd (g)	64	32	22,4	16	11,2	8	4	2	1	0,5	0,25	0,125	0,063	botn
	3320	10285	15085	20160	265,6	502,0	841,8	1140,7	1431,0	1588,0	1661,9	1708,3	1757,4	1771,5
Sáldur,%	93,3	79,2	69,5	59,3	51,2	44,0	33,7	24,6	15,8	11,1	8,8	7,4	5,9	
Athugasemdir: Votsigtað - Allt sýnið var undir 90 mm														
$D_{10} = 0,38 \text{ mm}$			$D_{30} = 3,18 \text{ mm}$			$D_{60} = 16,46 \text{ mm}$			$C_u = 43,2$		$C_c = 1,6$			
														

28.8.2018 - kk H18-184 Vegagerðin Akureyri.xlsx/haf

 Nýsköpunarmiðstöð Íslands										Rannsókn nr. H18/184				
										Dags. 28.8.2018				
Rannsókn á kornadreifingu (skv. IST EN 933-1)										Framkv. af RS				
Fyrir: Vegagerðin Akureyri					Náma: Syðri –Króklágar									
Vegna:					Sendandi: Erla Dóra Vogler									
Heildarþungi sigtaðs sýnis (g): 55090			Heildarþungi (<16mm) (g): 37180,0			Merking sýnis: 127								
Bakki (tara), (g): 474,6		Frátekið+bakki (g): 2183,4		Purrt +bakki (g): 2073,1		Votsigt. + bakki (g): 1974,2		Húmus, gr.:		Slamm, %:		Raki, % 6,9		
Möskv. Pyngd (g)	64	32	22,4	16	11,2	8	4	2	1	0,5	0,25	0,125	0,063	botn
	2940	9635	13110	17910	268,9	457,2	719,6	919,1	1099,2	1265,6	1404,0	1463,8	1493,2	1498,9
Sáldur,%	94,4	81,7	75,1	66,0	54,9	47,1	36,3	28,1	20,6	13,7	8,0	5,6	4,3	
Athugasemdir: Votsigtað - Allt sýnið var undir 90 mm														
$D_{10} = 0,34 \text{ mm}$			$D_{30} = 2,47 \text{ mm}$			$D_{60} = 13,40 \text{ mm}$			$C_u = 39,9$			$C_c = 1,4$		
														

 Nýsköpunarmiðstöð Íslands <small>Keldnaholt, IS-112 Reykjavík, sími 522 9000, fax 522 9111</small>	Ranns. nr.: H18/184
	dags.: 28.8.2018
	frkv. af: RS

Los Angeles próf.
IST EN 1097-2:1998

Mannvirki:
Unnið fyrir: Vegagerðin Akureyri
Umbjóðandi: Erla Dóra Vogler

Náma: Syðri-Króklágar - Gryfja 122 og 127 blandað

Þyngd sýnis 10 - 14 mm fyrir próf (g):	5001,1
Þyngd sýnis >1,60 mm eftir próf (g):	3859,6

$$\text{LA} = 22,8$$

Athugasemdir:

28.8.2018.LA H18-184 Vegagerðin Akureyri 122 og 127.xlsx/Haf.

Náma C – Efraleiti

Gryfjulýsing
Efraleiti (22843) - gryfjur 8.8.18, 3.8.18 og 14.1.19

285'19		
0,00 - 0,25	Moldarblandað efni	Mold með einhverri mól
0,25 - 0,45	Mól blönduð finefnum	Siltarblönduð finmól, brúnlit
0,45 - 0,90	Mól	Finmól og sandur í bland <20 mm.
0,90 - 1,90	Mól	Sandgrunnur um 20% og mól, flest <80 mm (um 70% af efninu). Eitthvað af steinum 100-150 mm.
1,90 - 2,30	Mól	Sandur um 30%, mölin mest <70 mm. Eitthvað af grófum steinum með 200-400 mm.
2,30 - 4,10	Mól	Sandur og mól. 100-150 mm steinar um 10% og eitthvað af stærri steinum, allt að 400 mm.
Heildardýpi: 4,10	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt
286'19		
0,00 - 0,20	Moldarblandað efni	Mold með smá mól
0,20 - 0,80	Mól blönduð finefnum	Siltblönduð finmól og sandur. Aðeins brúnlit.
0,80 - 1,50	Mól	Grófari mól allt að 100 mm með finmölinni. Sandur um 10%. Eitthvað allt að 200 mm.
1,50 - 3,30	Mól	Sandur um 10%, finmól 70-80% og líka eitthvað grófari <100 mm mól. Sandríkur linsur í laginu. Nokkuð af 150-200 mm steinum.
3,30 - 3,40	Sylti/leir	Silt með smá mól.
3,40 - 4,20	Mól	Sandur 15-20%, finmól og eitthvað grófara (<100 mm). Nokkuð af 150-200 mm steinum.
Heildardýpi: 4,20	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt
287'19		
0,00 - 0,30	Moldarblandað efni	Mold með smá mól
0,30 - 1,10	Stórgrýtt mól	Siltþakkaður sandur (30%) og mól (<100 mm um 60%) með grodda, 10-15% 100-250 mm steinar og eitthvað stærra.
1,10 - 2,80	Stórgrýtt mól	Sandur um 10-20% og mól með 10-15% grodda 100-250 mm. Eitthvað stærra líka.
2,80 - 3,10	Mól blönduð finefnum	Siltfítuð finmálarlinsa.
3,10 - 4,00	Sandur	Sandur 60-70% með grjóti 100-300 mm og smá mól.
4,00 - 4,70	Mól	Mól <100 mm, sandur (30-40%) og nokkuð af steinum 100-200 mm.
Heildardýpi: 4,70	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt
288'19		
0,00 - 0,25	Moldarblandað efni	Mold með mól
0,25 - 1,20	Mól blönduð finefnum	Finmól með gráleitu silt.
1,20 - 2,90	Stórgrýtt mól	Sandur, silt, mól í bland og talsvert grjót 200-300 mm. Einn 0,7 m steinn.
Heildardýpi: 2,90	Hætt: Aðrar ástæður	Hætt
139'18		
0,00 - 0,25	Mold	Mold
0,25 - 0,70	Mól blönduð finefnum	Mól með sandi og silti. Algengasta malarstærðin 10-50 mm (um 50%). Einstaka 100-150 mm steinn.
0,70 - 1,30	Mól	Mól og sandur en mjög lítið silt. Mölin 10-50 mm. Einstaka 100-150 mm steinn.
1,30 - 1,70	Mól	Mól og sandur sem hangir saman með silti.
1,70 - 3,60	Mól	Mól, sandur og steinar. Eitthvað af 200-300 mm steinum (um 10%). Sandur um 20%. Mól 20-150 mm um 30-40%. Einstaka 400-500 mm steinar. Finmálarlinsur inn á milli.
3,60 - 3,90	Sandur	Sandur
3,90 - 4,00	Mól	Finmálarlinsa
4,00 - 4,55	Sandur	Sandur með einstaka 200-300 mm steinum.
4,55 - 4,70	Mól	Finmálarlinsa
4,70 - 5,10	Sandur	Sandur með einstaka 200-300 mm steinum.
Heildardýpi: 5,10	Hætt í sama efni	Hætt

Gryfjulýsing

Efraleiti (22843) - gryfjur 8.8.18, 3.8.18 og 14.1.19


140'18

0,00 - 0,35	Mold	Mold
Mynd 6: Gerð var tilraun með hermun í 333 m neti einn tiltekinn valinn dag, 22. janúar 2018, en þá blés af A, en ekki taldist þó mjög hvasst.

Sveinn Gauti Einarsson, umhverfisverkfræðingur, MSc
Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur, MSc

vedurvaktin@vedurvaktin.is

BRENDA PREHAL

*Mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar
nýs vegar um
Refasveit að Ytra-Hóli í Skagabyggð.
Fornleifaskráning. Viðbætur 2020.*



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2020/236



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2020/236

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Tilgangur fornleifaskráningar.....	4
Aðferðarfræði	5
Fornleifaskráning	6
Heimildaskrá	9
Hnitaskrá.....	10

Inngangur

Haustið 2020 fór fram fornleifakönnun og fornleifaskráning á Refasveit. Verkið var unnið af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir Skagafjarðarveitur. Vettvangsskráning fór fram þann 14. sept. Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 1914

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær meint kuml í landi Sölvabakki raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [1914-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær eru setti framan við númerið til aðgreiningar.


Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda vegna vegagerðar í Refasveit.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Svæðið sem skráð var nær 100m til hvorrar handar frá miðlínu vegar. Einnig voru skráðar minjar á efnistökusvæðum og við tengivegi.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmynd var fengin hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Fornleifaskrá

Sölvabakki 1914-64**Hlutverk:** Óþekkt/Fjós?**Tegund:** Tóft**Hættumat:** Mikil Hætta – Tóftin er um 15m suðan af námusvæðinu.**Staðhættir:** Tóftin er um 800m norðaustur af bænum og er beint fyrir neðan námusvæðið í austri.**Lýsing:** Tóftin er um 4m á breidd og 20m á lengd og er gróin grasi. Tóftin er hugsanlega fjós og nokkuð nútímaleg.

Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja.



Mynd 2. Horft til norðausturs yfir tóftina. (1914-64).

Sölvabakki 1914-65


Hlutverk: Sandveggur?

Tegund: Garðlag

Hættumat: **Hætta** – er um 25m suðan af námusvæðinu.

Staðhættir: Garðlagið er um 800m norðaustur af bænum og er beint fyrir neðan námusvæðið í suðri.

Lýsing: Garðlagið er um 170m langt og 9m breitt og er nokkuð nútímalegt.



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja.

Heimildaskrá

.
Zoëga, Bryndís og Guðný Zoëga. „Mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar nýs vegar um Refasveit að Ytra-Hóli í Skagabyggð. Fornleifaskráning.“ Sk. 2018/193. 2018.

Örnefnaskrá

Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson tók saman. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Sölvabakka. Skráð af Eggerti Gíslasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Fornleifar á Refasveit – hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá námusvæði	Austun	Norðun
1914-64	Sölvabakki	Óþekkt/fjós?	tóft	1700	2000	greinileg	Mikil Hætta	15m	442062	580120
1914-65	Sölvabakki	Sandveggur?	garðlag	1800	2020	Vel greinileg	Hætta	25m	441921	580005

Þverárfjallsvegur-Skagastrandarvegur

Greinagerð

Rannveig Thoroddsen og Sigmar Metúsalemsson

Mat á vistlendi og vistgerðum á svæðum þar sem fyrirhugað er að bæta við eða stækka námur (varanámur G og F, Ennisnáma) og vegna veglínu B vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Þverárfjallsveg-Skagastrandarveg samkvæmt beiðni Vegagerðarinnar sem barst Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti þann 24. September 2020 ásamt teikningu með staðsetningu náma og veglína (Vegagerðin 2020)

Náttúrufræðistofnun Íslands vann að úttekt á vistgerðum og plöntutegundum fyrir Vegagerðina vegna nýs stofnvegs frá Hringvegi austan Blönduóss norður um Refasveit að núverandi Þverárfjallavegi. Afmörkun rannsóknasvæðis sem vísað er í þessari greinagerð byggist á þeirri afmörkun sem birt var í skýrslu sem byggð á ofangreindri úttekt (Rannveig Thoroddsen o.fl. 2018).

Náma G í landi Höskuldsstaða

Námusvæði G er að mestu á ógrónum eða lítt grónum mel (grasmelavist) innan afmarkaðs rannsóknasvæðis en utan þess nær hún mögulega inn á nýræktað tún (1. mynd)



1. mynd. Lítt gróin melur (grasmelavist) mun að mestu fara undir námu G en nýlegt tún í landi Höskuldsstaða mun mögulega ná inn fyrir afmarkaðs námusvæðis. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 16. ágúst 2017.

Náma F í landi Syðri-Hóls

Fyrir hugað námusvæði F er eingöngu á uppgræddu landi, þ.e. mel sem græddur hefur verið upp með moði, sáningum og áburði, gróðurþekja er misgísín (2.—3. mynd). Mögulega er verið að undirbúa landið á þessu svæði til túnræktar líkt og víða hefur verið gert á nálægum svæðum.



2. mynd. Hér hefur moði og áburði verið dreift til að rækta upp graslendi á áður lítt gróna mela þar sem fyrirhugað er að náma F verði staðsett. Myndin er tekin innan afmarkaðs rannsóknasvæðis vegna Þverárfellsvegur og Skagastrandarvegur. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 16. ágúst 2017.



3. mynd. Uppgræðsla á fyrirhuguðu námasvæði F. Hér sést a.m.k. hluti þess svæðis sem er utan afmarkaðs rannsóknasvæðis vegna Þverárfellsvegur og Skagastrandarvegur. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 16. ágúst 2017.

Ennisnáma – stækkun til vesturs

Fyrirhugað stækkun er á uppgræddu landi. Aðallega er um að ræða uppgræðslu með grösum og gróðurþekja er fremur gisin (4. mynd). Á hluta svæðisins hefur uppgræðslan flýtt fyrir gróðurframvindu og þar hafa lynntegundir og smárunnar náð rótfestu innan um grösin og gróðurþekjan orðið þéttari. Það land flokkast nú sem grasmóavist. Víða má sjá hávaxnari runnar sem vaxa á stangli á svæðinu.



4. mynd. Uppgrætt graslendi og grasmói með víðirunnum á stangli sem gera má ráð fyrir að fari undir fyrirhugaða stækkun Ennisnámu sem í sést til vinstri á myndinni. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 15. ágúst 2017.

Veglína B – utan afmarkaðs rannsóknasvæðis vegna Þverárfellsvegar og Skagastrandarvegar.

Veglína B liggur í jaðri rannsóknasvæðisins, sem afmarkað var vegna vettvangsvinnu við veglínu A (Rannveig Thoroddsen o.fl., 2018, Vegagerðin 2020) frá gatnamótum Ennisbrautar og Neðribyggðarvegar þaðan áfram samhliða Neðribyggðarvegi uns hún kemur aftur inn á afmarkaða rannsóknasvæðið (5.—8. mynd). Á þessum kafla liggur veglína B um þurrlendi, aðallega graslendi, nánar tiltekið um snarrótarvist og língresis- og vingulsvist en einnig um uppgrætt graslendi. Sumt af því sem flokkast sem língresis- og vingulsvist hefði mögulega á fyrri stigum flokkast sem uppgræðsla. Landið er almennt þurrt en rakari blettir koma einnig fyrir sem bera keim af mýrlendinu fyrir ofan. Þar sem veglínan kemur aftur inn á rannsóknasvæðið liggur hún um mólendi; flagmóa og fjalldrapamóa.



5. mynd. Graslendi, þ.e. língresis- og vingulsvist, snarrótarvist en einnig uppgrætt graslendi við gatnamót Ennisbrautar og Neðribyggðarvegs þar sem veglína B vegna Þverárfellsvegar og Skagastrandarvegar mun liggja. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 16. ágúst 2017.



6. mynd. Meðfram Neðribyggðarvegi þar sem veglína B mun liggja er fremur þurr graslendi þar sem língresis- og vingulsvist er ríkjandi en einnig uppgrætt graslendi. Inni á milli eru rakari graslendisblettir. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 16. ágúst 2017.



7. mynd. Língresis- og vingulsvist á veglínu B meðfram Neðribyggðarvegi. Leiða má líkum að vistgerðin sé tilkomin vegna fyrri uppgæðslu. Ofan við graslendið tekur við starungsmýravist sem veglína A átti að liggja um. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 16. ágúst 2017.



8. mynd. Rauðleit hundasúra í uppgæddu graslendi í veglínu B meðfram Neðribyggðarvegi. Veglínan mun svo liggja um mólendið fyrir ofan. Ljós. Ásrún Elmarsdóttir, 16. ágúst 2017.

Heimildir

Rannveig Thoroddsen, Ásrún Elmarsdóttir og Sigmar Metúsalemsson. *Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá: úttekt á vistgerðum og plöntutegundum*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-18003. Unnið fyrir Vegagerðina. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Vegagerðin 2020. 2. teikning_73-74_MÁU_2020-10-01_Rannsóknarsvæði-25.000. Frumdrög.



Skipulagsfulltrúinn á Blönduósi.

Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós. Sími 455-4700 Bréfsími 455-4701.

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Blönduósi, 11. nóvember 2020
Málsnúmer: 2011010 MS

Efni: Skipulagsstofnun - Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá - Beiðni um umsögn

Á fundi skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar þ. 9.11.2020 var eftirfarandi bókað um ofangreint málefni:

Skipulagsstofnun óskar eftir að Blönduósbær gefi umsögn um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Meðfylgjandi er frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar

Nefndin telur að frummatsskýrslan lýsi fyrirhugaðri framkvæmd á fullnægjandi hátt og taki á þeim þáttum sem þarf. Aðalskipulagsbreyting vegna framkvæmdarinnar er í auglýsingu. Sækja þarf um framkvæmdarleyfi þegar kemur að framkvæmdum.

Staðfest í sveitarstjórn 10. nóvember sl.

Virðingarfyllt



Þorgils Magnússon
Bygginga- og skipulagsfulltrúi Blönduósbæjar



From: Sigurjón Þórðarson <sigurjon@hnv.is>
Sent: 17.11.2020 12:12:58
To: Skipulagsstofnun
CC: Jón Ágúst Jónsson; Ágúst Þór Bragason <agust@blonduos.is>
Subject: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur um Laxá -HNv

Sauðárkróki, 17. nóvember 2020

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson

Umsögn um mat á umhverfisáhrifum Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur um Laxá.

Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn um mat á umhverfisáhrifum Þverárfjalls- og Skagastrandarvegur um Laxá, sbr. bréf dags. 27. október 2020. Nýr vegur mun að mestu liggja utan vatnsverndarsvæðis Blönduóss og mun tilkoma hans vera til bóta fyrir vatnsvernd byggðalagsins. Á hinn bóginn þá liggur fyrirhugaður vegur nálægt vatnsbóli Blöndubakka og Sölvabakka, en fram kemur í matinu að Vegagerðin muni tryggja örugga vatnsöflun fyrir framangreinda bæi. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir að það liggi fyrir hvernig útfærsla á umræddri vatnsöflun verði, áður en framkvæmdir verði hafnar við vegagerðina.

Virðingarfyllt
Sigurjón Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi

From: Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>
Sent: 17.11.2020 14:52:48
To: Jón Ágúst Jónsson
CC: Atle Vívås - SGS <atle.vivas@samgongustofa.is>; Hlín Hólm - SGS <hlín.holm@samgongustofa.is>; Edda Doris Meyer - SGS <edda.d.meyer@samgongustofa.is>
Subject: RE: Þverárfjallsvegur - umsagnarbeiðni

Góðan daginn.

Með bréfi dagsettu þann 27. október s.l. var óskað umsagnar Samgöngustofu á frummatsskýrslu um Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá, Blönduósbæ og Skagabyggð.

Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við framangreint en bendir á að leita þurfi til stofnunarinnar eigi að reisa möstur, krana eða annað við framkvæmdina, sem áhrif getur haft á flugumferð.

Erindinu er eingöngu svarað með tölvupósti, nema sérstaklega sé óskað eftir öðru.

Með kveðju / Best regards,

Halldór Zoëga

Deildarstjóri mannvirkjadeildar / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 19.11.2020
MFRI: 2020-10-0304

Efni: Þverárfjallsvegur - umsagnarbeiðni

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 30. október 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna frummatsskýrslu um Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá .

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir því Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindar framkvæmdar. Álit Hafrannsóknastofnunar skal vera í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.


Í umsögn skal koma fram hvort Hafrannsóknastofnun á gerð sé grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim. Einnig hvort þörf sé á að kanna tiltekin atriði framkvæmdarinnar frekar og hvort mótvægisáðgerðir og vöktun séu fullnægjandi.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemdir við það.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Friðbjörgur Árnason

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 26. nóv 2020
Málnr. _____

Reykjavík 20. nóvember 2020
UST202010-295/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla - Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur að stórum hluta um Refasveit. Heildarlengd vega og brúar er um 11,8 km. Upphafleg veglína lá um votlendi á hluta af 2,5 km löngum kafla. Til að forðast þetta rask var lögð fram ný veglína, veglína B sem hlífir votlendi mun betur en upphafleg veglína. Val á brúarstæði er gott að álitni Umhverfisstofnunar þar sem áhrif þriggja valkosta voru skoðuð.


Góð umfjöllun er um efnistöku og frágang efnistökusvæða. Umhverfisstofnun telur jákvætt að haft verði samráð við jarðfræðing Vegagerðarinnar um frágang náma og skeringa sem ætti að tryggja að frágangur verði í sem mestu samræmi við efnistökuáætlun. Fram kemur að einnig verði haft samráð við fulltrúa Umhverfisstofnunar um frágang raskaðra svæða þar sem jafnframt verður litið til frágangs á eldra raski. Þetta er að mati stofnunarinnar mjög gott verklag sem mætti viðhafa víðar.

Hér er um að ræða framkvæmd á svæði þar sem landslag einkennist af setmyndunum af ýmsu tagi. Ekki er um neinar jarðminjar að ræða sem njóta verndar. Reynt hefur verið að forðast röskun vistkerfa sem njóta verndar eins og kostur er. Gróðurfar á svæðinu ber að miklu leyti einkenni beitar og ræktunar. Með vönduðum frágangi náma og skeringa á að vera hægt að draga verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklega að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

From: Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>

Sent: fimmtudagur, 26. nóvember 2020 14:01

To: Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>

Subject: Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandavegur um Laxá - frummatsskýrsla

Tilvísun í málsnr. 202010-0055 (RT, TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 27. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna og telur stofnunin að gerð sé grein fyrir framkvæmdinni á fullnægjandi hátt, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum svo og mótvægisáðgerðum og vöktun. Náttúrufræðistofnun telur, með hliðsjón við hlutverk stofnunarinnar, að frummatsskýrslan sé góður grunnur að matsskýrslu.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Minjastofnun
ÍslandsThe Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartúni 7 b
105 ReykjavíkReykjavík 27. nóvember 2020
MÍ202011-0120/ 6.07 / K.M.**Efni: Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá.**

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 27. okt. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Í frummatsskýrslu segir að í framkvæmdinni felist að byggja tvo nýja stofnvegi og eina nýja brú í Blönduósbæ og Skagabyggð í Austur-Húnavatnssýslu. Annars vegar er um að ræða 8,5 km langan stofnveg um Refsveit sem mun liggja til norðurs út frá Hringvegi austan Blönduóss í Blönduósbæ að Þverárfjallsvegi skammt sunnan við brú á Laxá. Hins vegar um 3,3 km langan stofnveg til norðurs, út frá nýjum vegi í Refasveit, yfir nýja brú á Laxá og inn á núverandi Skagastrandarveg norðan við Höskuldsstaði í Skagabyggð. Heildarlengd vega og brúar er um 11,8 km. Auk þessa þarf að leggja nýjar tengingar, tengivegi og heimreiðar, að nokkrum bæjum og stöðum á leiðinni. Lengd þessara tenginga er samtals 3,6 km.

Kaflí 6.3 í frummatsskýrslu fjallar um fornleifar. Eins og þar kemur fram fékk Vegagerðin Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga til að skrá fornleifar á fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Fyrir liggur skýrsla byggðasafnsins, *Mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar nýs vegar um Refasveit að Ytri-Hóli í Skagabyggð. Fornleifaskráning. Vegna breytinga á áður skilgreindum námusvæðum og tilkomu veglínu B var fornleifadeild byggðasafnsins fengin til að kanna svæðið aftur með tilliti til umræddra breytinga. Á þessu ári kom út skýrsla byggðasafnsins, *Mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar nýs vegar um Refasveit að Ytri-Hóli í Skagabyggð. Viðbætur 2020.**

Í skýrslu byggðasafnsins kemur fram að fyrirhuguð veglína liggur í gegnum land eftirtalinna jarða: Ennis, Blöndubakka, Bakkakots, Sölvabakka, Lækjardals (áður Efri- og Neðri), Syðra-Hóls, Höskuldsstaða og Ytra-Hóls. Skráningarsvæðið var 100 m frá miðlínu

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

vegar til hvorrar handar. Skráningarsvæðið miðast við nýja veglínu, efnistökusvæði auk nýrra vegtenginga (heimreiða) samkvæmt gögnum frá Vegagerðinni. Fornleifar fundust innan skráningarsvæðis á öllum jarðanna, nema í landi Ytra-Hóls og Lækjardals. Alls voru 65 fornleifar skráðar skv. skýrslunum tveimur.

Í frummatsskýrslu er fjallað um fornleifarnar hverja fyrir sig, gerð grein fyrir staðsetningu þeirra, hættumati og gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum vegna fornleifanna.

Í töflu 6.3.2 er listi yfir fornleifarnar. Þar er tekið fram hversu langt frá útbrún framkvæmdasvæðisins fornleifarnar eru. Í töflunni eru notaðir litir, rauður, gulur og grænn. Er það tilvísun í skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga þar sem litirnir eru notaðir til að gefa til kynna hvort og í hversu mikilli hættu fornleifarnar eru vegna framkvæmdarinnar. Fornleifar sem lenda í vegstæðinu eru merktar með rauðum lit, fornleifar sem liggja innan við 50 m frá útbrún framkvæmdasvæðisins eru merkar með gulum lit og fornleifar merktar með grænum lit eru á milli 50 – 100 m frá útbrún framkvæmdasvæðisins.

Hér á eftir verður fjallað um fornleifar í landi hvefarrar jarðar fyrir sig. Byrjað verður á Höskuldsstöðum og síðan farið suður eftir og endað á Enni.

Höskuldsstaðir.

Í landi Höskuldsstaða eru eftirtaldar fornleifar ekki í hættu vegna vegagerðar: Bæjarstæði (1914-1), kirkja/heimild (1914-2), kirkjugarður (1914-3), hóll/fjós (1914-4), heimreið/heimild (1914-5) og mógrafir (1914-8). Minjastofnun Íslands telur skráningu fornleifanna fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Tvær grjóthrúgur (1914-6 og 7) eru á milli nýja Skagastrandarvegarins og Kollugerðistjarnar. Í töflu 6.3.2 segir að þær séu 38 m frá útbrún framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun telur að merkja þurfi hrúgurnar með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Mótóft (1914-9) er syðst og austast í landi Höskuldsstaða, á bökkunum norður af Laxá og suður af merkjum við Syðri-Hól segir í fornleifaskráningarskýrslu. Í skýrslunni er tóftin sögð vera í um 23 m fjarlægð frá miðlínu vegar en aðeins um 12 m frá útmörkum framkvæmdasvæðisins. Í töflu 6.3.2 í frummatsskýrslu kemur fram að tóftin sé 13 m frá útbrún framkvæmdasvæðis veglínu A en 7 m frá útbrún framkvæmdasvæðis veglínu B. Ekki er ljóst í hverju munurinn liggur þar sem veglínurnar munu liggja á sama stað á þessu svæði. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi tóftina með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum við vegagerðina stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá. Ef ekki verður hægt að komast hjá raski á tóftinni þarf

að rannsaka hana með fornleifauppgreiftri áður en framkvæmdir hefjast við vegagerðina.

Syðri-Hóll.

Lestarvað (1914-13) er yfir Laxá, neðst í Stekkjarhvammi, syðst og vestast í landi Syðra -Hóls og nyrst og vestast í landi Lækjardals (áður Neðri-Lækjardals). Vaðið er í meira en 50 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis. Minjastofnun Íslands telur skráningu vaðsins fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Vegslóði (1914-12). Um er að ræða eldri þjóðveg sem lá um elsta brúarstæðið á Laxá um 900 m vestur af núverandi brú. Núverandi vegstæði liggur eftir gamla þjóðveginum á um 350 m kafla og því ljóst að sá hluti mun hverfa. Minjastofnun Íslands telur skráningu vegslóðans fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Tvær tóftir (1914-10 og 11) liggja vestan við nýja Skagastrandarveginn skammt norður af tóft 1914-9. Samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu eru tóftirnar innan við 10 m frá útbrún framkvæmdasvæðis og tóft 1914-11 jafnvel að hluta til í skeringu. Minjastofnun Íslands telur að rannsaka þurfi tóftirnar með fornleifauppgreiftri áður en framkvæmdir hefjast við vegagerðina.

Sölvabakki.

Sunnan við nýja Þverárfjallsveginn, milli stöðva 7000 og 7500, eru fjórar skráðar fornleifar, mógröf (1914-14), garðlag (1914-15), og tvær tóftir (1914-16 og 17). Í frummatsskýrslu kemur fram að mógröfin er í 60 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðisins. Henni ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdunum. Garðlagið er í rúmlega 20 m fjarlægð frá útbrúninni og tóftirnar eru í veglínunni eða einungis um 1 til 1,5 m frá fyllingu. Minjastofnun Íslands telur skráningu mógrafarinnar (1914-14) fullnægjandi mótvægisáðgerð. Merkja þarf garðlagið (1914-15) með áberandi hætti til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur. Minjastofnun telur að rannsaka þurfi tóftirnar (1914-16 og 17) með fornleifauppgreiftri áður en framkvæmdir við vegagerðina hefjast.

Fúsakot? (1914-18-22 og 24-29). Eftirfarandi eru úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga: *Stekkarhvamur, heitir nokkuð stór, grösugur hvammur, ofarlega í svonefndum Dölum. Í hvamminum og á melbrúninni ofan hans, eru tóftir fornþýlis og þar er fjöldi tófta og umhverfis þær túngarður. Dalalækurinn rennur örfáum metrum sunnan við fornþýlið.*

Bæjarstæðið er rétt norðan við nýja Þverárfjallsveginn nokkuð vestan við gatnamót hans og nýja Skagastrandarvegarins. Í töflu 6.3.2 í frummatsskýrslu kemur fram að túngarðurinn sem umlykur tóftirnar er

næst útbrún framkvæmdasvæðisins í 25 m fjarlægð. Tóftirnar sem tilheyra bæjarstæðinu og fjærst eru útbrúninni eru tæplega 100 m frá henni. Minjastofnun telur að setja þurfi upp girðingu milli túngarðsins og framkvæmdasvæðisins á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að túngarðurinn og tóftirnar sem tilheyra bæjarstæðinu raskist af vangá.

Stekkur (1914-23) er á sama svæði og fornleifarnar sem taldar eru tilheyra Fúsakoti. Verði fornleifarnar girtar af eins og lagt er til hér að ofan mun girðingin einnig vernda stekkinn.

Þrjár fornleifar eru í eða nærri veglínu nýja Þverárfjallsvegarins við stöð 6500. Um er að ræða stekkjartóft (1914-30) og tvær aðrar tóftir (1914-31 og 32). Stekkjartóftin er rúmlega 10 metra frá útbrún framkvæmdasvæðisins en hinar tóftirnar eru í veglínu (1914-32) og í fyllingu vegarins (1914-31). Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi stekkjartóftina (1919-30) með áberandi hætti til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur. Stofnunin telur að rannsaka þurfi tóftirnar (1914-31 og 32) með fornleifauppgreftri áður en framkvæmdir við vegagerðina hefjast.

Á melunum austan og sunnan við Ullartjörn, nærri stöð 4500, eru steinlagnir og grjóthrúgur með óþekktu hlutverki. Um er að ræða fornleifar nr. 1914-33 til 1914-43. Fjarlægð grjótmannvirkjanna frá útmörkum framkvæmdasvæðisins er gefin upp í töflu 6.3.2 í frummatsskýrslu. Tvær grjóthrúgur, 1914-40 og 41, eru í yfir 40 metra fjarlægð frá útbrún veglínunnar. Allar hinar fornleifarnar eru annað hvort í skeringu/fyllingu vegarins eða í innan við 10 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi grjóthrúgur nr. 1914-40 og 41 á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Þá telur stofnunin að rannsaka þurfi fornleifar nr. 1914-33 til 39 og nr. 1914-42 og 43 með fornleifauppgreftri áður en framkvæmdir við vegagerðina hefjast.

Við nýja heimreið að Sölvabakka voru eftirtaldar fornleifar skráðar: Býli/heimild (1914-44), fjárhús/heimild (1914-45), hrútakofi/heimild (1914-46) heimreið/vegslóði (1914-47) og túngarður (1914-48). Allar þessar fornleifar nema túngarðurinn (1914-48) eru horfnar af yfirborði og í nokkurri fjarlægð frá nýju heimreiðinni. Minjastofnun Íslands telur skráningu þeirra fullnægjandi mótvægisáðgerðir. Í skráningarskýrslu segir að túngarðurinn sé tæplega 70 m langur. Hann sé í rúmlega 60 m fjarlægð frá nýju heimreiðinni og ekki talinn í hættu vegna framkvæmda. Skv. frummatsskýrslu fer garðurinn að hluta til í fyllingu nýju heimreiðarinnar. Ef ekki er hægt að komast hjá því að raska garðinum telur Minjastofnun Íslands að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð í garðinn til að reyna að fá hugmynd um byggingarlag hans og aldur.

Leggja á veg frá nýja Þverárfjallsveginum til vesturs sunnan Ullartjarnar og Ámutjarnar að Svangrund. Norðan og norðvestan við Ámutjörn eru þrjár tóftir (1914-49-51) og túngarður (1914-52). Tóft 1914-49 er í 75 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðisins og tóft 1914-50 er í 65 m fjarlægð frá útbrúninni. Þessum fornleifum ætti því ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum við vegagerðina. Minjastofnun Íslands telur skráningu tóftanna (1914-49 og 50) fullnægjandi mótvægisáðgerð. Tóft 1914-51 er í 33 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðisins og túngarður 1914-52 er í 40 m fjarlægð frá útbrúninni. Minjastofnun Íslands telur að merkja ætti tóftina og túngarðinn með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist af vangá.

Blöndubakki.

Fjórar fornleifar eru skráðar nærri veglínu nýja Þverárfjallsvegarins þar sem fyrirhugað er að leggja nýja heimreið að Bakkakoti. Um er að ræða Þríhólagötur (1914-53), tóft (1914-54), niðurgroftur (1914-55) og Þríhóla (1914-56). Þríhólagötur liggja frá Bakkakoti til austurs að norðurenda Hólmavatns. Nýi Þverárfjallsvegurinn mun þvera göturnar. Hann mun liggja í um 5 m fjarlægð frá niðurgreftrinum (1914-55) en í meira en 84 m fjarlægð frá Þríhólum (1914-56). Ný heimreið að Bakkakoti mun liggja í 9 m fjarlægð frá tóftinni (1914-54). Minjastofnun Íslands telur skráningu Þríhólagötu og Þríhóla fullnægjandi mótvægisáðgerðir. Stofnunin telur að rannsaka þurfi tóftina (1914-54) og niðurgroftinn (1914-55) með fornleifauppgreftri áður en framkvæmdir við vegagerðina hefjast.

Bakkakot.

Þrjár fornleifar eru skráðar í nágrenni Bakkakotsbæjarins. Tvær þeirra, matjurtargarður (1914-57) og tóft (1914-58) eru hlið við hlið norðaustan við bæjarhúsin. Tóftirnar eru í meira en 30 metra fjarlægð frá nýju heimreiðinni og milli hennar og fornleifanna liggur núverandi þjóðvegur. Matjurtargarðinum og tóftinni ætti því ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum við nýju heimreiðina. Minjastofnun Íslands telur skráningu fornleifanna fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Þriðju fornleifarnar sem skráðar eru á bæjarhlaði Bakkakots eru gamla bæjarstæðið (1914-59). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að torfbærinn í Bakkakoti hafi staðið rúmlega 50 m sunnan við núverandi íbúðarhús þar sem enn standi eldra íbúðarhús. Gamla bæjarstæði Bakkakots er í 76 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðisins og ætti því ekki að vera í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun Íslands telur skráningu bæjarstæðisins fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Enni.

Tvær fornleifar eru skráðar í landi Ennis, Bakkagata (1914-60) og Sölvatóft (1914-61). Bakkagata liggur frá túninu í Enni að túninu í Bakkakoti. Bæði veglína A og veglína B munu þvera götuna. Sölvatóft var í túninu um 220 m suðvestur af íbúðarhúsinu á Enni. Búið er að slétta yfir tóftina en smá hóll er í túninu þar sem hún var. Hóllinn er í 68 m fjarlægð frá veglínu A og enn lengra frá veglínu B. Minjastofnun Íslands telur skráningu Bakkagötu (1914-60) og Sölvatóftar (1914-61) fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Blöndubakki.

Tvær steinlagnir (1914-62 og 63) voru skráðar í landi Blöndubakka. Báðar eru sagðar í mikilli hætt vegna efnistöku í svokölluðu Ólafsholti og á svæði norðvestur af Ólafsholti. Ekki er fjallað um þessar fornleifar í frummatsskýrslu og ekkert efnistökusvæði er þar sýnt á þessu svæði. Gerða verður ráð fyrir að efnistaka hafi verið fyrirhuguð á svæðinu en að hætt hafi verið við hana.

Í skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga, sem kom út fyrr á þessu ári, er gerð grein fyrir skráningu tveggja minja í landi Sölvabakka. Annars vegar er um að ræða tóft (1914-64) og hins vegar garðlag (1914-65). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að tóftin sé 15 m suður af námusvæði D og að garðlagið sé 25 m suður af námusvæðinu. Í töflu 6.3.2 í frummatsskýrslu eru fjarlægðir frá námusvæði D sagðar vera 20 m fyrir tóftina og 52 m fyrir garðlagið. Þá er garðlagið sagt vera í 60 m fjarlægð frá nýrri tengingu að Stekkjavík. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi tóftina (1914-64) á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá. Þá þarf að gera verktökum grein fyrir staðsetningu garðlagsins (1914-65) svo það raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Í kafla 4.4 í frummatsskýrslu er fjallað um athafnasvæði. Þar segir að á slíku svæði þurfi rými fyrir bráðabirgðabyggingar, lager, aðkomuleiðir, bílastæði, geymslusvæði fyrir vélar og tæki, rotþró og aðra nauðsynlega aðstöðu. Auk þess þurfi svæði fyrir vélaverkstæði og skrifstofur. Svæðið þurfi að vera u.þ.b. 2,0 ha að stærð. Einnig þurfi að gera ráð fyrir svæði fyrir efnisvinnslu í námum.

Í kafla 4.5 er fjallað um starfsmannabúðir/vinnubúðir. Í umfjölluninni segir m.a. að vinnubúðum sé oft valinn staður við skilgreint athafnasvæði eða í eða við námur. Um tímabundna mannvirkjagerð, eins og vinnubúðir, gildi ýmsar reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustað. Þá kemur fram að Vegagerðin telji að helst komi til álita að staðsetja starfsmannabúðir/vinnubúðir í námu D við Stekkjarvík.

Minjastofnun Íslands minnir á að huga þarf að fornleifum við staðsetningu athafnasvæða og vinnubúða. Ef fornleifar hafa ekki verið skráðar þar sem tillögur koma fram um staðsetningu slíkra svæða þarf að fá fornleifafræðing til að skrá fornleifar áður en endanleg ákvörðun um staðsetninguna og umfang svæðanna er tekin.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri



Skipulagsstofnun

Jón Ágúst Jónsson, sviði umhverfismats
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Gunnarsholti, 10. desember 2020

Efni: Umsögn um Þverárfjallsveg í Refasveit

Landgræðslunni barst til umsagnar Þverárfjallsvegur í Refasveit. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa, og varna gegn landbroti.

Landgræðslan leggur áherslu mikilvægi votlendisvistkerfa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt Náttúruverndarlögum og að leitast verði við að beina vegagerð frá votlendissvæðum. Jafnframt hvetur Landgræðslan til þess að nærgætni sé gætt við jarðveg og gróður og leitast við að nýta yfirborðslag við lagfæringar eftir rask sem fylgja framkvæmdum.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við Þverárfjallsveg í Refasveit en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur

From: Kristin Blondal <kblondal1312@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 15. desember 2020 10:02
To: Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Subject: verðar Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá - Vatnsból Blöndubakka

Góðan dag

Sent skv. símtali

Ég óska eftir að könnuð verði möguleg hættu á mengun vegna væntanlegrar bílaumferðar um þennan veg.
Vatnsból Blöndubakka er í 300 metra fjarlægð frá væntanlegum vegi. Vatnið er tekið úr yfirborðslind, fer í safntank og þaðan eftir lögn að bænum og útihúsum.
Lagning vegarins sem slíks, þ.e. framkvæmdin sjálf, mun eflaust ekki hafa neikvæð áhrif á vatnsbólið en það sem ég hef áhyggjur af er möguleg mengun frá umferð um veginn. Um þennan veg er áætlað að fari 500-1000 bílar á degi hverjum og talsvert af því er þungaflutningur þ.e. drekkhlaðnir vörubílar.
Hver er hættan á því að svifryk með hinum ýmsu eiturefnum frá veginum lendi í vatninu og spilli því? Þarna eru aðeins 300 metrar sem skilja að veg með talsverðri umferð og opið vatn sem nýtt er sem neysluvatn.

Heilbrigðiseftirlitið á svæðinu hefur eftirlit með gæðum vatns, þ.e. þeir geta mælt hvort mengun hafi áhrif eftir að vegurinn er kominn en leggja ekki mat á mögulegri hættu. Þ.e. heilbrigðiseftirlit kemur ekki að málinu fyrr en "barnið er dottið í brunninn" mig vantar að "koma í veg fyrir að barnið detti í brunninn" svo ég noti þá myndlíkingu

--

Kær kveðja
Kristín Blöndal

-----Original Message-----

From: Skagabyggð <skaga.byggd@simnet.is>

Sent: þriðjudagur, 15. desember 2020 20:28

To: Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>

Subject: Re: Þverárfjallsvegur - umsagnarbeiðni

Sæll Jón.

Við höfum ekki fengið frá ykkur bréf í bréfpósti en tókum málið fyrir á fundi í dag, út frá gögnum sem bent er á í tölvupósti.

Afgreiðsla í sveitarstjórn Skagabyggðar:

Fyrir fundinum lá beiðni frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn um lagningu nýs Þverárfjallsvegur um Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá. Sveitarfélagið gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn og veitir jákvæða umsögn um verkefnið.

Þetta tilkynnist hér með.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Oddviti Skagabyggðar



FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 17. desember 2020
Tilv. 2020-11-02-1912/2.4.1

Efni: Varðar Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá

Í tölvupósti dagsettum 30. október s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu vegna byggingar tveggja nýrra stofnvega og einnar nýrrar brúar í Blönduós bæ og Skagabyggð í Austur – Húnavatnssýslu.

Fram kemur í frummatsskýrslunni að Hafrannsóknastofnun telji að nokkuð neikvæð áhrif kunni að verða vegna byggingar ræsis í Dalalæk á meðan á framkvæmdatíma stendur, en að áhrifin verði staðbundin og tímabundin. Hafrannsóknastofnun telur að þverun Laxár á Refasveit með brú á einu hafi yfir árfarveginn hafi ekki áhrif á lífríki og stofna laxfiska. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á lífríki straumvatna og stöðuvatna. Fram kemur að undirbúningur framkvæmdarinnar hafi verið unninn í samráði við veiðifélagið Hæng, sem er Veiðifélag Laxár í Refasveit.

Fiskistofa gerir ekki athugasemd við fram lagða frummatsskýrslu og telur að hún taki á þeim atriðum sem varða lífríki fiska og veiðihagsmuni.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

From: Steingrímur Jónsson <stejon@rarik.is>
Sent: föstudagur, 18. desember 2020 14:47
To: Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
Subject: RE: RE: Þverárfjallsvegur - umsagnarbeiðni

Sæll Jón

Ég biðst afsökunar á þessu sinnuleysi.

Vegagerðin er búin að vera í góðu sambandi við RARIK vegna þessa verkefnis og höfum við fundað með henni um verkefnið. RARIK svaraði ósk Vegagerðarinnar um umsögn á sínum tíma. Við erum sammála um að skipta kostnaði þannig að við kostum breytingar sem þarf að gera þar sem við erum innan núverandi veghelgunarsvæðis en Vegagerðin kosti breytingar sem þarf að gera þar sem hún er að fara á nýja staði. RARIK gerir því ekki athugasemdir við þetta verkefni enda væntum við þess að gott samstarf haldi áfram um verkefnið.

bestu kveðjur,
Steingrímur



Steingrímur Jónsson | stejon@rarik.is
Deildarstjóri Netreksturs, Norðurlandi | Manager, Distribution North Region
Netrekstur Norðurland | Power Distribution

RARIK ehf | Óseyri 9 | 603 Akureyri | www.rarik.is
Sími | Phone +354 5289000 | +354 5289621

Innihald þessa skreytis er ætlað skráðum móttakanda einum. Ef þú hefur fengið skreytið vegna mistaka er þér með öllu óheimilt að framsenda eða afrita það.